

SHAUÐÖR
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Herðatréd Willow
Hönnunartríóið Færið
hefur fangað athygli
tímaritsins Icon.
allt 1



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

9. janúar 2012
7. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Skemmtilegt hark
Kómedíuleikhúsið fagnar
15 ára starfsafmæli á
árinu.

tímamót 12

Guðmundur Andri

Hús með sögu eru oftast en
ekki rifin í Reykjavík.

skoðun 11




Strákarnir á réttri leið

Strákarnir okkar stóðu
sig vel á æfingamóti í
Danmörku um helgina.

sport 18

veðrið í dag



STREKKINGUR EÐA ALLHVASST
eugí dag má búast við nokkuð
stífum vindi, víða 10-18 m/s,
hvasst allra vestast. Skúrir eða él
sunnan- og vestanlands en bjart
allra austast. Kólnar lítið eitt í veðri.

VEÐUR 4

**Egill
Arnason**

JUNCKERS
parketolía



Mundu ...við erum flutt!

Suðurlandsbraut 20 - Sími: 595 0500
www.egillarnason.is

Gjaldprot geta þýtt lægri orlofsgreiðslur

Vangoldin laun geta lækkað þá upphæð sem Fæðingarorlofssjóður miðar við þegar orlofsgreiðslur eru reiknaðar út. Greiðslur úr ábyrgðarsjóði launa reiknast ekki með í tekjuviðmiði. Meira en 1.500 fyrirtæki urðu gjaldprotá árið 2011.

VINNUMARKAÐUR Gjaldprot fyrir-
tækja geta haft áhrif á þær
greiðslur sem nýbakaðir foreldrar
fá úr Fæðingarorlofssjóði. Launa-
missir getur lækkað þá upp-
hæð sem notuð er sem viðmið við
útreikninga greiðslna.

Fæðingarorlofssjóður reiknar
orlofsgreiðslur út frá 12 mánaða
tímabili sem lýkur sex mánuðum
fyrir fæðingu barnsins. Greiðsl-
urnar nema 80 prósentum af meðal-
tali heildarlauna yfir það tímabil.

Fréttablaðið þekkir dæmi
um fyrrverandi starfsmann
verslunar sem fékk ekki laun
um nokkurt skeið og verslunin
varð síðar gjaldprotá. Tveir af
þessum launalausum mánuðum
lenda innan þess tólf mánaða tíma-
bils sem fæðingarorlofssjóður

notar sem viðmið við útreikning
orlofsgreiðslna. Starfsmadurinn
er því launalaus einn sjötta þess
viðmiðunartímabils og lækkar þá
orlofsgreiðslur hans talsvert.

Leó Örn Þorleifsson, forstöðu-
maður Fæðingarorlofssjóðs,
segir að þó starfsmenn fái greitt
úr ábyrgðarsjóði launa reiknast
þær tekjur ekki inn í viðmiðunar-
upphæð fæðingarorlofs.

„Greiðslur frá ábyrgðarsjóði
launa teljast ekki með samkvæmt
lögum um tryggingargjald. Það er
skýrt skilgreint hvaða greiðslur
notast er við í útreikningum og það
eru bara þær greiðslur sem greitt
er af tryggingargjald.“

Slíkt á ekki við um greiðslur úr
ábyrgðarsjóði. Til að svo yrði þarf
lagabreytingu.

Fái starfsmaður greiðslur úr
protabúi fyrirtækisins er heimilt
að leiðrétta orlofsgreiðslurnar
eftir á. „Þær verða þá að vera
komnar inn í staðgreiðsluskrá
með einhverjum hætti til að hægt
sé að tengja þær við einhvern
mánuð eða mánuði sem falla innan
þessa tólf mánaða tímabils hjá
okkur,“ segir Leó, og bendir á að
uppgjör protabúa geti tekið langan
tíma.

Leó merkir ekki sérstaka
aukningu á slíkum dæmum nú
þegar gjaldprotum fyrirtækja
hefur fjölgað. Samkvæmt tölum
Hagstofunnar urðu 1.432 fyrir-
tækja gjaldprotá á fyrstu ellefu
mánuðum ársins 2011. Óljóst er hve
mörg þeirra voru með starfsmenn
á launaskrá. - kóp



DÝR PENINGUR Bandarísk koparmynt frá
1793 var seld á 172 milljónir króna.

Peningur seldur á uppboði:
Eitt sent selt á
172 milljónir

BANDARÍKIN Bandarísk koparmynt
frá árinu 1793 seldist fyrir 172
milljón króna á uppboði í Flórída.

Peningurinn er úr hópi
smápeninga sem slegnir voru
árið sem Bandaríkjamenn tóku
upp eigin mynt og var áður í
eigu bankamannsins Louis E.
Eliasberg. Engin mynt hefur selst
fyrir svo háa upphæð áður.

Um hundrað peningar frá
sama tíma eru enn til en fáir í
jafn góðu ásigkomulagi og sá er
seldist í síðustu viku.

Á uppboðinu seldist einnig
gullpeningur frá árinu 1892. - sm

Mikil hálka á vegum:

Fólk sat fast í bústöðum

SAMGÖNGUR Mikil hálka var víða
um land í gær. Á Selfossi og sveit-
unum í kring í gær var ástandið
sérlega slæmt. Fólk komst hvorki
lönd né strönd sökum hálku og
sátu margir fastir í sumar-
stöðum sínum vegna þessa.

Verst var færðin í Vaðnesi og
neyddust margir til að bíða af
sér veðrið í bústöðum sínum.
Björgunarsveitarmenn reyndu að
aðstoða fólk í vanda en svo hált
var að fjöldi bíla sem þeir höfðu
komið upp á veginn, eftir að hafa
farið út af öðrum megin, fóru
stuttu síðar út af aftur á hinum
hellingi vegarins. Lögreglan á
svæðinu og Neyðarlínan báðu fólk
um að halda kyrru fyrir í gær og
ekki vera á ferðinni nema á mjög
vel útbúnum bílum. - sm



ELDUR Í VINNSLUNNI Mikil tjón varð þegar eldur kom upp í fiskvinnslustöðinni í Hlíð í Ólafsfirði í gær. Fiskur í fiskeldinu drapst og húsnæði fiskvinnslunnar er ónýtt. MYND/MAGNÚS A. SVEINSSON

Mikið tjón varð í eldsvoða í fiskvinnslustöðinni í Hlíð í Ólafsfirði í gær:

Ekkert eftir af fiskvinnslunni

LÖGREGLUMÁL „Það er ekkert
eftir af henni, hvorki tæki, tól
né húsnæði,“ segir Gunnar L.
Jóhannsson eigandi fiskvinnslu-
stöðvarinnar í Hlíð í Ólafsfirði.
Mikið tjón varð í eldsvoða þar í
gær. Bæði fiskeldi og fiskvinnsla
var á staðnum.

„Álman sem við vorum með
vinnsluna í er alveg fallin. Sjálft
eldsrýmið slapp, þar sem lifandi
fiskurinn er, á milli voru þykkir
steinveggir og eldvarnarhurðir,“
segir Gunnar, en mikið af fisknum
drapst þó vegna reyks. Fiskeldið

það er ekkert eftir af
henni, hvorki tæki, tól
né húsnæði.

GUNNAR L. JÓHANSSON
EIGANDI FISKVINNSLUSTÖÐVARINNAR

er þó lítið að sögn Gunnars, mest
er keypt af fiski í vinnsluna.

Ekki er enn vitað hver upptök
eldsins voru en Gunnar segir að
rannsóknarmenn lögreglunnar
og fulltrúar tryggingafélags
muni koma í dag meðan bjart

er til að kanna málið. „Þetta
er nokkuð mikið tjón fyrir lítið
fyrirtæki. Svo þurfum við bara
okkar tíma til að hugsa hvað við
gerum í framhaldinu af þessu,
þetta er líka ekki besti tíminn til
framkvæmda – um hávetur. Nú er
bara vinnslustöðvun hjá okkur.
Maður er ekkert farinn að hugsa
hvað verður.“ Þegar Fréttablaðið
náði tali af Gunnari í gær átti
hann von á mannskap til að hjálpa
til við að ganga frá brotajárni og
öðru lauslegu, því hvasviðri var
spáð. - þeb



Má bjóða þér
léttan kaffisopa?





Róbert, fiska ekki bara þeir sem róá?

„Jú, og erum við ekki öll á sama báti?“

Róbert Hlökkversson er bæjarfulltrúi í Hveragerði. Bæjarráðið þar kveðst ekki sætta sig við að sjávarbyggðir fái hærri hluta en önnur sveitarfélög af veiðigjaldi í fiskveiðilögsögunni.

Telja matarvonina reka gæsinnar á flakk um miðborg Reykjavíkur:

Gæsagenginn mæla göturnar

NÁTTÚRA Ætla má að langvarandi snjóþekja reki gæsir frá grasblettum og á flakk um götur miðborgar Reykjavíkur segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkur. Stórir gæsaþópar hafa mælt göturnar í miðborginni undanfarið.

„Líklegast er að þær séu búnar að læra að þær fái mat á ákveðnum stöðum, enda verið langur kafli núna þar sem þær hafa ekki komist í grasið sem er þeirra fæða alla jafna,“ segir Þórólfur. Þá sé spurning hvort þær sækji í hlýjuna frá upphittuðum gangstéttum borgarinnar.

Hann segir gæsinnar fódraðar nokkuð víða á höfuðborgarsvæðinu. Borgin gefi þeim í Grasa-garðinum í Laugardal og í Vatnsmýrinni, en einnig séu borgararnir duglegir við að gefa öndum og gæsnum brauð á tjörninni.



Á FLANDRI Ekki hafa borist fréttir af því að meira sé um að ekið sé á gæsir á flandri, enda virðast þær vanar bíla-umferðinni þó ekki séu allar svo snjallar að nýta sér gangbrautirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þriðja félagið rekur Kanann síðan 2009

Skjáriinn keypti rekstur Kanans út úr félaginu utan um stöðina. Einar Bárðarson segir félagið munu starfa áfram að tónleikahaldi. Skiptastjóri fyrsta félagsins utan um Kanann skoðar hvort krefjast skuli riftunar á sölu frá því í fyrravor.

VIÐSKIPTI Skjáriinn, sem keypt hefur útvarpsstöðina Kanann, tók ekki yfir félagið utan um útvarpsstöðina heldur keypti út úr því reksturinn – tæki, hljóðver, vörumerki og lagalista – auk þess að kaupa tíðnina á uppboði. Einar Bárðarson, sem rak Kanann og verður áfram yfir stöðinni hjá Skjánum, segir að gamla félagið, Skeifan 7 eignarhald, standi þó ekki eftir sem tóm skel með skuldum.

„Það er bara félag sem heldur áfram í rekstri, til dæmis tónleikahaldi,“ segir Einar. „Það er reyndar ekki umfangsmikið – tekur ekki mikið af mínum tíma – en þetta eru stór verkefni og þau verða áfram inni í þessu félagi.“

Fríðrik Fríðriksson, forstjóri Skjásins, segir það aldrei hafa komið til greina að taka yfir rekstur félagsins og staða þess aldrei könnuð með það fyrir augum. „Það kom aldrei til álita, enda held ég að Einar sé með óskyldan rekstur þarna inni. Þetta félag hefði bara flækst fyrir okkur.“

Einar segir allt starfsfólk Kanans – mestmegnis verktaka – flytjast yfir til Skjásins við breytinguna. „Við borguðum öllu starfsfólki út síðasta starfandi mánuðinn og síðan færast bara allir yfir,“ segir hann. „Þetta eru engir þjóðarflutningar. Þetta eru tíu stöðugildi í það heila.“

Í fyrravor færði Einar rekstur Kanans úr félaginu ÚÍ ehf. yfir í Skeifuna 7 eignarhald. Við það tilfni sendi hann frá sér yfirlýsingu þar sem hann sagði ástæðuna vera óbilgirni Landsbankans. Hann hefði verið í viðskiptum við Sparisjóðinn í Keflavík, sem hefði sýnt Kanannum mikinn velvilja, en eftir að Landsbankinn tók SpKef yfir hefði



KANINN Einar Bárðarson, annar frá vinstri, færði Kanann úr einu félagi í annað í fyrravor. Sá gerningur er nú til skoðunar hjá skiptastjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ef kröfuhafar telja að þetta sé óeðlilegt með einhverjum hætti þá verður látið reyna á það í riftunarmáli en það er algjörlega óafgreitt ...“

JÓN ÁRMANN GUÐJÓNSSON
SKIPTASTJÓRI

yfirdráttarlán ekki fengist fram- lengt og félagið þannig verið gert órekstrarhæft á einni nóttu. Einar kvaðst á þeim tíma huga málsókn gegn Landsbankanum vegna þessa.

ÚÍ er nú komið í gjaldþrotameðferð. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2009 skuldaði félagið þá riflega 30 milljónir og átti eignir sem metnar voru á um 20 milljónir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu kröfur í þrotabúið

verða meiri en 30 milljónir en litlum eignum vera til að dreifa.

Skiptastjóri félagsins, Jón Ármann Guðjónsson, segir að kröfuhafar telja að þetta sé óeðlilegt með einhverjum hætti þá verður látið reyna á það í riftunarmáli en það er algjörlega óafgreitt og verður bara að koma í ljós,“ segir hann.

„Félagið var orðið fjárvana undir síðasta vor. Þá var gerður samningur um að selja ákveðinn rekstur og það er bara verið að skoða þann samning,“ segir hann.

„Það sem skiptastjóri skoðar er hvort eðlilegt verður var á honum og greiðslurnar eðlilegar. Ef kröfuhafar telja að þetta sé óeðlilegt með einhverjum hætti þá verður látið reyna á það í riftunarmáli en það er algjörlega óafgreitt og verður bara að koma í ljós,“ segir hann.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa kröfuhafar haft samband við skiptastjóra, gert athugasemdir við ráðstöfun eigna og telja á sér brotið.

stigur@frettabladid.is



MIKIL SNJÓKOMA Óvenju snjóþungt hefur verið undanfarna daga í Sviss og Austurríki.

Snjóþyngsli í Ölpunum
Mikil hætta á snjóflóðum

EVROPA, AP Mikil snjócoma hefur verið í austurhluta Sviss og vesturhluta Austurríkis undanfarna daga en snjóþyngsli hafa meðal annars sett lestarsamgöngur í landinu úr skorðum.

Búið er að loka helstu járnbrautarleiðum í Ölpunum með þeim afleiðingum að bæir og helstu ferðamannastaðir voru einangraðir í gær. Yfirvöld í Sviss hafa varað við snjóflóðahættu næstu daga en því er spáð að snjókomunni linni í dag.

- ap

Teygjan slitnaði í teygjustökki
Ung stúlka féll 110 metra

ZIMBABWE Erin Laung Worth, áströlsk kona lenti í kröppum dansi er teygjan slitnaði í miðju teygjustökki með þeim afleiðingum að hún féll 110 metra ofan í straumharða á. Atvikioð átti sér stað nærri Viktoríufossunum við ána Zambezi. Laung Worth náði að synda að árbakkanum þar sem björgunarmenn tóku á móti henni.

„Mér leið eins og ég hefði verið lami,“ sagði Laung Worth við fjölmiðla en það þykir kraftaverki líkast að hún hafi lifað slysið af. Hún liggur nú á spítala í Suður-Afríku með minniháttar áverka.

- ap

Bókaútgefendur áhyggjufullir:

Ekki sama hver kaupir Pennann

VERSLUN Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir þá hafa áhyggjur af því hver eignast Pennann sem Arion banki selur nú í gegn um félagið Eignabjarg. Kristján segir nærri helminga tekna bókaútgefenda stafa frá Pennanum.

„Því er það mikið áhyggjuefni fyrir alla sem starfa við að gefa út bækur; rithöfunda, bókaútgefendur, prentara og dreifingar- aðila, hvernig söluferli Eignabjargs ehf. á Pennanum á Íslandi lyktar,“ skrifar Kristján á bloggi sínu. - gar



GENGIÐ VIÐ GRÆNAVATN Gengið var með kyndla og blys kringum Grænavatn í gær til að minnst Sigurðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Blysför til minningar:

Gengu blysför í kringum Grænavatn

FÓLK Talsverður fjöldi fólks mætti til blysfarar í kringum Grænavatn í Krýsvík í gær. Blysförin var farin í tilefni þess að hundráð ár voru í gær liðin frá fæðingardegi Sigurðar Þórarins-sonar jarðfræðings.

Nokkur félög og samtök sem tengjast náttúruvísindum, náttúruvernd og útiveru efndu til blysfararinnar. Með henni vildu þau heiðra frumkvæði Sigurðar í náttúruverndarmálum en hann hélt tímamótaerindi árið 1949 þar sem hann hvatti til þess að sett yrði náttúruverndarlöggjöf hér á landi.

- þeb

Átök við Sómalíu:

Danir frelsa fjórtán gísla

KAUPMANNAHÖFN, AP Danski sjóherinn stöðvaði sjóræningjaskip undan ströndum Afríku og frelsaði 14 gísla sem voru í haldi ræningjanna.

Það var danska varðskipið HDMS Absalon sem náði að yfirbuga sjóræningjana eftir nokkra eftirför. Danirnir handtöku 25 sjóræningja sem voru um borð og frelsaði fjórtán gísla. Líklega var um sjómenn frá Pakistan og Íran að ræða sem höfðu verið í haldi ræningjanna í tvo mánuði.

- ap

Arababandalagið fundaði um ástandið en hundrað eru taldir látnir:

Vilja ekki aðstoð SP í Sýrlandi

SÝRLAND Leiðtogar Arababandalagsins krefjast þess að stjórnvöld í Sýrlandi bindi enda á ofbeldið í landinu strax. Þetta voru niðurstöður fundar bandalagsins í Kaíró í Egyptalandi í gær.

Fulltrúar Arababandalagsins hafa fylgst með gangi mála í Sýrlandi undanfarið og var fundurinn í gær til þess að fara yfir stöðu mála. Aðgerðir bandalagsins hafa verið gagnrýndar fyrir að vera máttlitlar og áhrifalítar. Ráðherrar ríkjanna samþykktu ekki tillögu frá Katar um að fá sérfræðinga frá Sameinuðu þjóðunum til að aðstoða við eftirlitið í Sýrlandi. Arababandalagið mun hittast á nýjan leik og fara yfir gang mála í lok mánaðarins.

Fréttir hafa borist af því að minnst tuttugu hafi látið lífið í Sýrlandi í gær, þar af ellefu hermenn. Þá eru fleiri en hundrað manns sagðir hafa látist undanfarna þrjá daga, þó erfitt sé að staðfesta það vegna þess að erlendir fjölmiðlar fá ekki að starfa í landinu. Sameinuðu þjóðirnar telja að um 5000 óbreyttir borgarar hafi látist síðan uppreisnin gegn Bashar al-Assad forseta hófst fyrir tíu mánuðum síðan.

- þeb



FUNDAD Í KAÍRÓ Leiðtogar ríkja innan Arababandalagsins funduðu um málefni Sýrlands í Egyptalandi í gær, en komust að þeirri niðurstöðu að ekki ætti að hleypa sérfræðingum Sameinuðu þjóðanna inn í landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BRIDS SKÓLINN




Byrjendur ... 23. janúar ... 8 mánudagar frá 20-23

Framhald ... 25. janúar ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Viltu læra brids?** Á námskeiðinu fyrir byrjendur er farið vel yfir leikreglur og undirstöður Standard-sagnkerfisins. Byrjað alveg frá grunni og hægt að mæta ein/einn.
- **Viltu verða betri spilari?** Á framhaldsnámskeiðinu er kafað dýpra í Standard-kerfið og tæknin slípuð í úrspili og vörn. Ekki þarf að koma með makker.
- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík.
- Sjá nánar á bridge.is undir "fræðsla".

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

Íslandsbanki og Byr sameinast um að gera góða þjónustu enn betri



ENNEMM / SIA / NM48824

Nú stendur yfir sameining
útibúa Íslandsbanka og Byrs.
Sameiningin verður gerð á
næstu vikum eins og hér segir.

Staður	Dags.	Sameining útibúa
Reykjanesbær	16. janúar	Útibú Byrs sameinast útibúi Íslandsbanka við Hafnargötu 91
Kópavogur	23. janúar	Útibú Byrs við Digralesveg 1 verður Íslandsbanki
Kópavogur	23. janúar	Afgreiðsla Íslandsbanka í Hamraborg sameinast útibúi Íslandsbanka í Parabakka 3
Árbær	30. janúar	Útibú Byrs að Hraunbæ 119 verður Íslandsbanki
Akureyri*	6. febrúar	Útibú Íslandsbanka sameinast útibúi Byrs í Skipagötu 14
Hafnarfjörður	13. febrúar	Útibú Íslandsbanka sameinast útibúi Byrs í Strandgötu 8-10
Borgartún	20. febrúar	Útibú Byrs sameinast aðalútibúi Íslandsbanka á Kirkjusandi

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	123,32 123,9
Sterlingspund	191,07 191,99
Evra	157,78 158,66
Dönsk króna	21,218 21,342
Norsk króna	20,539 20,659
Sænsk króna	17,85 17,954
Japanskt jen	1,5987 1,6081

SDR 188,61 189,73

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,7061

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forval Repúblikanaflokksins í New Hampshire fer fram á morgun:

Romney er enn með gott forskot

BANDARÍKIN Mitt Romney hefur enn forskot á aðra frambjóðendur í forvali Repúblikanaflokksins í New Hampshire samkvæmt skoðanakönnunum. Forvalið fer fram á morgun.

Frambjóðendur öttu kappi í tvennum kappreiðum í New Hampshire um helgina. Aðrir frambjóðendur gagnrýndu Romney harðlega í seinni kappreiðunum, meðal annars var hann sakaður um að vera atvinnustjórnmaður og efast var um efnahagsáætlanir hans. Romney beitti sömu aðferðum í báðum



STENDUR VEL EFTIR HELGINA Romney er talinn hafa staðið af sér gagnrýnina í kappreiðum helgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

kappreiðunum og forðaðist að mestu að ráðast að andstæðingum sínum. Hann gagnrýndi þó Jon Huntsman, sem var sendiherra

Bandaríkanna í Kína, fyrir að starfa undir stjórn Baracks Obama Bandaríkjaforseta. Búist er við því að kosningarnar á þriðjudag muni ráða úrslitum fyrir Huntsman, sem hefur eytt mestum tíma í kosningabaráttunni í New Hampshire.

Romney bar sigur úr býtum í fyrstu forkosningum sem fóru fram í Iowa í síðustu viku. Hann hlaut átta atkvæðum meira en Rick Santorum öldungardeildarþingmaður. Ron Paul varð þriðji. Michelle Bachmann dró sig út úr kosningabaráttunni í síðustu viku. -þeb

Fótboltamaður í fangelsi:

Aðstoðaði mannræningja

MEXÍKÓ Mexíkóskur knattspyrnumaður var handtekinn á dögunum, grunaður um að standa að baki að minnsta kosti 20 mannránum þar í landi. Omar „El Gato“ Ortiz er sagður hafa unnið með glæpaklíkum og aðstoðað þær að finna rík fórnarlömb.

Ortiz spilaði einn leik fyrir mexíkóska landsliðið árið 2002 og spilaði með fjölmörgum félagsliðum í Mexíkó en var dæmdur í keppnisbann árið 2010 fyrir steranotkun. Ortiz á yfir höfði sér allt að 50 ára fangelsi. -áp



LEIÐIN RUDD Olíuskipið Renda siglir á eftir skipinu Healy, sem er fullkomnast ísbrjótur bandarísku strandgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Olía flutt sjóleiðina til Alaska:

Olíuskip siglir eftir ísbrjóti

ALASKA Ísbrjótur á vegum bandarísku landhelgisgæslunnar hefur síðustu daga unnið að því að ryðja leið fyrir rússneskt olíuskip á leið til bæjarins Nome í Alaska. Komist skipið ekki á leiðarenda er hætt á að olíulaust verði í bænum.

Ekki gekk að koma olíubirgðum til bæjarins fyrir jól vegna ofsa-veðurs. Komist olíuskipið á leiðarenda verður það í fyrsta sinn sem olía er flutt sjóleiðina til Vestur-Alaska á þessum árstíma. Yfirvöld í Sitnasuak í Vestur-Alaska segja þessar aðgerðir mun ódýrari en að fá olíu til bæjarins með flugi. -sm

LÖGREGLUFRETTIR

Líkamsárás á Akureyri

Ein líkamsárás átti sér stað á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Fórnarlambið var flutt á sjúkrahús til aðhlýningar en að sögn lögreglunnar á Akureyri voru áverkarnir ekki taldir alvarlegir.

Handtekinn með fíkniefni

Maður var handtekinn í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudags með dálítið af fíkniefnum. Hann var með nokkuð magn peninga í sínum förum og grunaður um sólu.

SAMGÖNGUR Pálmi Kristinsson verkfræðingur segir forsendur sem gefnar eru um Vaðlaheiðargöng rangar. Göngin muni alls ekki standa undir sér eins og félag um göngin heldur fram og er forsenda fyrir ríkisábyrgð á framkvæmdinni.

Í niðurstöðum ítarlegrar skýrslu sem Pálmi kveðst hafa gert að eigin frumkvæði segir að mikil óvissa sé um heildarkostnað við Vaðlaheiðargöngin. Þau séu of dýr, rekstrar- og viðhaldskostnaður sé vanmetinn, umferðin sé of lítil og spá um aukningu hennar of há og greiðsluvilji vegfarenda ofmetinn. Þá fylgi verkefninu gríðarleg lánaáhætta og greiðslufyrirkomulag langtímalána sé óásættanlegt. Einnig sé fjárhagslegur undirbúningur óvandaður og vinnubrögð stjórnvalda sem ábyrgðaraðila ófagleg.

Pálmi segir að innheimta veggjalda muni ekki standa undir kostnaði Vaðlaheiðarganga hf. á næstu árum miðað við forsendur sem kynntar voru fyrir tveimur mánuðum. Endanlegur kostnaður verði hærrí og tekjur af veggjöldum lægri en áætlanir félagsins geri ráð fyrir. Þannig þyrftu veggjöld að vera um tvöfalt hærri en félagið áætli, eða 1.906 til 2.073 krónur en ekki 993 krónur eins og félagið áætli. Gallinn sé samt sá að vegfarendur vilja ekki greiða svo hátt gjald heldur einfaldlega fara núverandi veg um Víkurskarð.

Pálmi var ráðgjafi Spalar hf. við undirbúning Hvalfjarðarganga. Hann var einnig aðalráðgjafi Landsamtaka lífeyrissjóða í



viðræðum við stjórnvöld um fjármögnun stórframkvæmda í vegagerð á árinu 2010. Hann segir Hvalfjarðargöngin fjórtánfalt „öflugri fjárfesting“ en Vaðlaheiðargöngin sem nú er áætlað að kosti 10,4 milljarða króna.

„Ef þessir fjármunir eru til reiðu fyrir ríkissjóð hlýtur sú spurning að vakna hvort stjórnvöldum standi ekki til boða að ráðstafa þeim í aðrar arðbærari fjárfestingar og/eða til að draga úr erfiðum niðurskurði í velferðarkerfinu svo dæmi sé tekið,“ segir Pálmi í skýrslunni og bætir við: „Fullyrða má að engin fjármálastofnun sem væri með réttu ráði væri reiðubúin að lána í jafn

Pungar byrðar ríkisins

„Er niðurstaða skýrsluhöfundar sú, að verkefni þetta standi ekki undir þeim skilyrðum sem Alþingi hefur sett sem forsendu fyrir veitingu ríkisábyrgðar vegna lánsfjármögnunar þess. Það er jafnframt niðurstaða höfundar, að þessu verkefni fylgi veruleg fjárhagsleg áhætta og að miklar líkur séu á því að ríkissjóður muni þurfa að taka á sig þungar fjárhagslegar byrðar á síðari stigum ef ákveðið verður að veita VHG hf. ríkisábyrgð.“

Úr skýrslu Pálma Kristinssonar verkfræðings.

áhættusamt fjárfestingaverkefni og hér um að ræðir.“

Bæði fjárlaganefnd og samgöngunefnd Alþingis skoða nú forsendur Vaðlaheiðarganga. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, formaður nefndarinnar, segir framtak Pálma Kristinssonar lofsvert. Meirihluti nefndarinnar hafi einmitt viljað fá óháða skýrslu um framkvæmdina.

„Lykilatriðið er að allar staðreyndir séu skýrar og uppi á borðum svo fólk geti tekið upp lýsta ákvörðun. Það er staðhæft að verkefnið standi undir sér sjálft þegar í reynd er hugsanlega mikil áhætta fyrir ríkissjóð,“ segir Guðfríður.

Ögmundur Jónasson innaríkisráðherra kveðst ekki vilja tjá sig um efni skýrslu Pálma á meðan málið sé til meðferðar á Alþingi. „En það er alveg skýrt af hálfu innaríkisráðuneytisins að forsenda þess að taka Vaðlaheiðargöng út úr samgönguáætlun var sú að framkvæmdin stæði undir sér alfarið með vegatollum,“ segir Ögmundur.

Pétur Þór Jónasson, sem situr í stjórn Vaðlaheiðarganga hf. segir ómurlegt að þótt fyrir liggi tilboð í verkið sem sé 95 prósent af kostnaðaráætluninni tefjist málið sífellt.

„Það væri skrítið verkefni ef hægt væri að segja að áhættan væri engin. Ráðgjafar okkur byggja hins vegar á ákveðnum forsendum og samkvæmt þeim þá gengur dæmið upp,“ segir Pétur.

Skýrsla sem IFS-greining hefur gert um Vaðlaheiðargöng fyrir fjármálaráðuneytið verður kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar á morgun.

gar@frettabladid.is

MEISTARAFYRIRLESTRAR Í REKSTRAR - OG ÁKVARÐANAVERKFRÆÐI:

Þriðjudaginn 10. janúar:

Kl. 14:30 í stofu M104
Kamilla Reynisdóttir: Línulegt bestunarlíkan sem hámarkar verðmæti svínaafurða. *Linear optimization model that maximizes the value of pork products.*

Kl. 16:00 í stofu M105
Fanney Björg Sveinsdóttir: Notkun heiltölubestunar við gerð yfirlitsáætlana fyrir sláturhús. *Aggregate planning for slaughterhouses using mixed integer optimization.*

Leiðbeinendur:
Dr. Hlynur Stefánsson og Dr. Eyjólfur Ingi Ásgeirsson.
Prófdómari er Dr. Snjólfur Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands.

Bæði verkefni eru unnin í samstarfi við Sláturfélag Suðurlands.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VÍÐ HJÓLIN SNUAST
www.ru.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

HVASST Það blæs heldur hressilega á landinu í dag og næstu daga. Hvasstast verður á annesjum V-til á morgun en síðar dregur smám saman úr vindi. Austanlands verður bjart með köflum og úrkomulítið að mestu en horfur á skúrum, slyddu-eða snjóéljum víða S- og V-lands.

Á MORGUN 10-20 m/s Hvasstast V-til.

MÍÐVIKUDAGUR 8-15 m/s, hægst syðst.

HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	7°
Berlín	6°
Billund	7°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	3°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	17°
New York	5°
Orlando	24°
Ósló	1°
París	11°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2012



Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2012 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar 2012**

► **Launamiðar og verktakamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni eða vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

► **Bifreiðahlunnindamiðar**

Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

► **Hlutfjármiðar**

Skilaskyld eru öll hlutfélög, einkahlutfélög, samlagshlutfélög, samvinnuhlutfélög og sparisjóðir.

► **Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf**

Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem

annast kaup og sölu, umboðs- viðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf og önnur verðbréf.

► **Bankainnstæður**

Skilaskyldar eru allar fjármála- stofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

► **Lánaupplýsingar**

(bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán). Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunar- leigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

► **Stofnsjóðsmiðar**

Skilaskyld eru öll samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

► **Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

► **Greiðslumiðar - leiga eða afnot**

Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

► **Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**

Skilaskyld eru öll hlutfélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

► **Fjármagnstekjumiði**

Þeir aðilar sem greitt hafa fjármagnstekjur skulu skila þessum miða og tilgreina þar sundurliðun fyrir þá aðila sem hafa mótt ekið þær og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða smærri innheimtu- aðila, t.d. lögfræðistofur. Þessum miða er eingöngu hægt að skila rafrænt.

Vakin er athygli á **nýjum launamiðareit**, nr. 210, þar sem færa skal þann hluta arðgreiðslu sem telja skal sem laun skv. 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003.

Einnig er vakin athygli á **nýjum launamiðareit**, nr. 220, þar sem færa skal **stjórnarlaun**.

Minnt er á að upplýsingum um **húsnæðishlunnindi** skal skila á launamiða. Húsnæðishlunnindi eru allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2010, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi. Sjá nánar í lið 2.8 í skattmati ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2011.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Nánari upplýsingar á www.rsk.is

Grunar þig að heimili þitt sé sýkt af sveppum?

Já	20%
Nei	80%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að ríkið eigi að taka þátt í kostnaði vegna gallaðra sílikonpúða í brjóstum?

Segðu þína skoðun á Visir.is.



Velferðarráðherra segir forgangsverkefni að bæta skráningar í heilbrigðiskerfinu:

Telur samræmda sjúkraskrá nauðsynlega

HEILBRIGÐISMÁL Velferðarráðherra telur nauðsynlegt að gögn frá sérgreinalæknum og þeim sem framkvæma aðgerðir án þátttöku ríksins verði hluti af samræmdri sjúkraskrá. Ef slík skrá væri til þá hefði hún getað hjálpað við að grípa inn í PIP sílikonpúðamálinu.

Síðastliðið haust var kynnt skýrsla sem velferðarráðherra lét vinna um skipulag heilbrigðiskerfisins hér á landi. Það var Boston Consulting Group sem vann skýrsluna. Ein af niðurstöðum skýrslunnar er að verulega skorti á rafræn skráningarkerfi hér

á landi og nákvæmar tölulegar upplýsingar úr heilbrigðiskerfinu. Mikilvægt sé að tekin verði í notkun samræmd rafræn sjúkraskrá fyrir allt landið. Slíkt er ekki til staðar hér á landi eins og staðan er núna.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að unnið sé að því að taka slíka skrá í notkun hér á landi.

„Það er alveg klárt að þetta er eitt af forgangsverkefnum. Það skiptir gríðarlega miklu máli að við séum með samræmda sjúkraskrá þar sem hægt er að fylgjast heildstætt með hverjum



GUÐBJARTUR HANNESSON Velferðarráðherra segir ekki ljóst hvenær nýtt skráningarkerfi verður tekið í notkun.

og einum sjúklingi og lesa og fylgja eftir þeim aðgerðum sem

að gerðar eru á viðkomandi eða þeirri þjónustu sem að viðkomandi fær. Þetta skiptir máli upp á lyfin, þetta skiptir máli upp á að ekki sé verið að endurtaka hluti og gera þá aftur og aftur. Þetta er stórt verkefni sem að við klárum ekki á einhverjum vikum,“ segir Guðbjartur.

Fjögur hundruð íslenskar konur eru með PIP-sílikonpúða en gögn um þær eru aðeins hjá lýtalæknum sem framkvæmdi aðgerðirnar. Guðbjartur telur að ef samræmd sjúkraskrá væri til staðar hefði hún nýst í málinu. -lv

Tvær konur fyrir dóm:

Ákærðar fyrir stórþjófnaði

DÓMSMÁL Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært tvær konur fyrir stórfellda þjófnaði úr verslunum.

Annarri konunni er gefið að sök að hafa í ágúst 2011, í verslun Útíllís í Smáralind í Kópavogi, tekið fatnað af gerðinni Cintamani, að söluverðmæti ríflega 155 þúsund krónur, sett hann ofan í tösku sem hún hafði meðferðis og í kjölfarið gengið út úr versluninni án þess að greiða fyrir vörurnar. Hin konan er ákærð fyrir að hafa í sama mánuði stolið snyrtivörum fyrir tæplega 100 þúsund krónur úr verslun Lyfju í Smáralind í Kópavogi. -jss

Fannst látin á lóð drottningar:

Búið að bera kennsl á líkið

LONDON, AP Búið er að bera kennsl á konu sem fannst látin á landareign bresku konungsfjölskyldunnar á nýársdag.

Konan, sem var lettnesk, hét Alisa Dmitrijeva, var 17 ára gömul og hafði verið saknað í nokkurn tíma.

Breska lögreglan greindi frá þessu í gær en það var gangandi vegfarandi sem fann líkið um fimm kílómetra frá lóð konungsfjölskyldunnar í Sandringham. Málið er enn í rannsókn. -áp



HEILLAKEÐJA Töluverður fjöldi barna og foreldra myndaði heillakeðu barnanna við Reykjavíkurtjörn um helgina.

MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

Heillakeða Barnaheilla:

Gengið í kringum Tjörnina

FÓLK Fjöldi barna og foreldra mynduðu Heillakeðu barnanna 2012 við Reykjavíkurtjörn á laugardag. Markmiðið var að mynda keðju hringinn í kringum tjörnina en vantaði eitthvað upp á fjöldann til að svo gæti orðið. Þess í stað gekk hópurinn umhverfis tjörnina og lauk göngunni við Iðnó þar sem stórir og litlir göngumenn fengu heitt kakó.

Heillakeðjunni er ætlað að vekja athygli á málefnum Barnaheilla - Save the Children á Íslandi en í framhaldi af henni hafa tólf íslensk fyrirtæki skuldbundið sig til að vekja athygli á málefnum barna og safna fjár til verkefna í þeirra þágu. -sm

Bæjarráð furðar sig á þögn stjórnsýslunnar

Bæjaryfirvöld í Hveragerði vilja upplýsingar frá ORF Líftækni um ræktun erfðabreytts byggs í túnfæti bæjarfélagsins. „Sjálfsögð kurteisi að tala við okkur,“ segir bæjarstjóri um stjórnsýslu Umhverfisstofnunar við leyfisveitingu.

LANDBÚNAÐUR Bæjarráð Hveragerðis lýsir yfir furðu sinni á því að gefið hafi verið út starfsleyfi til ORF líftækni til ræktunar erfðabreyttra lífvera í gróðurhúsi Landbúnaðarháskólans að Reykjum án samráðs við sveitarfélagið. Kemur fram í fundargerð bæjarráðs að skilyrðislaust hefði átt að kynna málið fyrir bæjarstjórn eða á opnum fundi með íbúum. Gróðurhúsið stendur aðeins nokkur hundruð metrum frá íbúabyggðinni og Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, segir að bæjaryfirvöld vilji fyrst og síðast leita upplýsinga um fyrirætlanir ORF Líftækni. Í því augnamiði hafi verið farið fram á fund með forsvarsmönnum fyrirtækisins. „Það sem er hins vegar ámælisvert, út frá stjórnsýslu Umhverfisstofnunar, er að ekkert samband hafi verið haft við okkur. Það er satt best að segja orðið þreytandi að lenda aftur og aftur í málum þar sem áhrif ákvarðana eru mikil á okkar bæjarfélag, en ekki er haft fyrir því að inna okkur álit.“

Aldís bendir á, eins og kemur fram í fundargerð bæjarráðs, að þrátt fyrir að Reykir tilheyri sveitarfélaginu Ölfusi, stjórnsýslulega séð, þá séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að allt sem þar gerist hefur áhrif í Hveragerði, enda ekki nema 150 metrar frá umræddu tilraunagróðurhúsi í næsta íbúðarhús bæjarins og um 350 metrar í miðbæinn.

„Það hefði í raun ekki verið annað en sjálfsögð kurteisi að hafa samband við bæjaryfirvöld



HEILSUSTOFNUN NLFÍ Forsvarsmenn óttast að ræktun erfðabreytts byggs í nágrenninu verði þeim fjötur um fót. Það telur ORF vera fjarstæðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR

hér og kynna þau áform sem barna eru fyrirhuguð,“ segir Aldís.

Umhverfisstofnun endurnýjaði starfsleyfi fyrir ræktun erfðabreyttra lífvera í tilraunagróðurhúsi LBHÍ að Reykjum í Ölfusi í desember, en ræktun ORF hófst 2003. Andstæðingar ræktunarinnar hafa gagnrýnt leyfisveitinguna harkalega og forsvarsmenn Heilsustofnunarinnar í Hveragerði lýstu áhyggjum af nálægð starfseminnar

við umrætt gróðurhús. Þeirri gagnrýni hefur ORF Líftækni svarað meðal annars með greinaskrifum í Fréttablaðinu. Þar kemur fram að ekki sé annað hægt en að kalla það ofstæki að halda því fram að erfðafni úr byggi sem ræktað er í gróðurhúsi geti á einhvern hátt haft áhrif á möguleika til útivistar eða heilsuþótta á heilsustofnuninni. Eins að engar vísindalegar rannsóknir styðji upphrópanir um hættu ræktuninni samfylgjandi. Þvert á móti sýni rannsóknir ótvírætt að ræktun á erfðabreyttu byggi sé örugg og hafi enga mengunar- eða heilbrigðisáhrættu í för með sér.

svavar@frettabladid.is

Könnunarför NASA komin á braut um tunglið eftir langt ferðalag:


Kortleggja segulsvið tunglins

GEIMVÍSINDI, AP Eftir þriggja og hálf mánaðar ferðalag eru könnunarför bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA komin á braut um tunglið í um 50 kílómetra hæð frá yfirborði þess.

Förin tvö munu á næstu tveimur mánuðum eða svo stilla sig af en eftir það munu þau kortleggja þyngdarsvið tunglsins af áður óþekktri nákvæmni. Tilgangurinn er að afla upplýsinga um tilurð tunglsins og ástæðu þess að fjarhlið þess, sem snýr alltaf í átt frá jörðu, er svo mikið hæðóttari en nærhliðin.

Afrakstur rannsókna, sem lýkur sennilega í maí, mun einnig nýttast í rannsóknum á tilurð og þróun jarðar og annarra berghnatta.

Kostnaður verkefnisins er tæpur hálfur milljarður Bandaríkjadala en þrátt fyrir umfang



MÖGNUM MÆLITÆKI Vísindamenn NASA munu meta segulsvið tunglins eftir breytingu á áfstöðu tveggja könnunarfara. MYND/NASA

rannsóknarinnar er engu að síður ekki gert ráð fyrir að farnar verði mannaðar ferðir til tunglsins á næstunni. Forgangur núverandi

stjórnvalda er að undirbúa ferðir á Mars og til þess verður reynt að lenda á smástirni á komandi árum. -þj

HÖNN UÐIR MYNDLISTAR MENN

Listahátíð í Reykjavík og Hönnunarmiðstöð efna til

SAMKEPPNI UM VEGGSPJALD LISTAHÁTÍÐAR 2012

Allar nánari upplýsingar:
www.listahatid.is | www.honnunarmidstod.is

Listahátíð í Reykjavík
Reykjavík Arts Festival

Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Skráðu þig á póstlistann á www.promennt.is og þú gætir unnið 100.000 kr. námskeið að eigin vali

INNTRITUN HAFIN 2012

Bókhalds- og Skrifstofunám

■ Skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri. Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði með eftirsóttari menntun og færni. Að loknu náminu eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritara og við bókhald. Kennendur eru ein námsgreini í senn sem lýkur með prófi eða verkefni.

Tölvugreinar: Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar: Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni: Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf, íslensk og ensk. Sölugreini og markaðsmál.

Hefst 8. feb. Morgun- og kvöldhópar með möguleika á að skipta á milli eftir því sem hentar hverjum og einum.
Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

■ Tölvu- og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri.

Hefst 8. feb. Morgun- og kvöldhópar með möguleikanum að skipta milli eftir því sem hentar hverjum og einum.
Lengd: 200 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-

■ Stök námskeið

Bókhald 1 Lengd 115 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 14. mars

Bókhald 2 Lengd 90 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 21. feb.

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)

Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,-

Tollskýrslugerð Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Almenn tölvunámskeið

■ Almenn tölvunám

Windows – Word – Excel – Internet – Outlook

Lengd 60 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 8. feb. morgun- og kvöldhópar

Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Word	11. feb	21 std.	29.900 kr.
Excel	22. feb	21 std.	29.900 kr.
Excel frh.	20. feb	14.std.	29.900 kr.
Outlook 2010	2. mars	10 std.	15.000 kr.
PowerPoint	7. mars	10 std.	15.000 kr.

Sérfræðinám

■ MCITP

Sérlega hagnýtt nám fyrir jafnt byrjendur í upplýsingatæknigeiranum sem og þá sem vilja dýpka þekkingu sína. Námið er vottun fyrir kerfisstjóra í Windows 2008 R8 netstýrikerfum.

Lengd 195 std. Verð kr. 299.000,- Hefst 1. feb. (kvöld) og 2. feb (e.h.).

■ MCITP+Exchange 2010

Lengd 240 std. Verð 398.000 kr. Hefst 1. feb(kvöld) og 2. feb (e.h.)

■ CCNA

Cisco Certified Network Associate gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Lengd 85 std. Verð 279.000 kr. Hefst 21. feb.

■ Grunnur í C# og VS 2010

Fyrir byrjendur í forritun. Kennendur er grunnur í C# forritun og notkun þess í Visual Studio .NET 2010 (.NET 4.0) umhverfinu. Námskeiðið er ætlað sem undirbúningur fyrir .NET 4.0 námsbrautina.

Lengd 30 std. Verð 89.000 kr. Hefst 13. feb.

■ .NET 4.0 Forritunarnám

Kennt er á nýjustu útgáfu af C# forritunarmálinu í Visual Studio 2010 Framework sem er það nýjasta frá Microsoft.

Lengd 130 std. Verð 349.000 kr. Hefst 5.mars.

■ Tölvuviðgerðir - CompTIA A+

Sérlega gagnlegt námskeið sem hentar þeim sem vilja fá betri skilning á virkni tölvunnar (á vélbúnaði og ýmis stýrikerfi). Mjög góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Lengd 50 std. Verð 99.000 kr. Hefst 7. feb.

Vefur, grafík og myndvinnsla

■ Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag:

Photoshop, Illustrator og InDesign.

Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 7. feb.



Stök námskeið	Hefst	Lengd	Verð
Myndbanda- og tækniþrellugerð	9. feb	100 std.	119.000 kr.
Photoshop grunnur	8. feb	21 std.	29.900 kr.
Vefsíðugerð 1	8. feb	47 std.	59.900 kr.
Vefsíðugerð 2	12. mars	42 std.	49.000 kr.
WordPress-Vefurinn minn	15. feb	26 std.	32.000 kr.



GEYMIÐ
AUGLÝS-
INGUNA

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað voru mörg heimili yfirgefin vegna myglusvepps í fyrra?
2. Hvaða fyrirtæki vill reisa nýjar höfuðstöðvar í miðbænum á næstu árum?
3. Hvaða ofurfyrirsæta hélt upp á afmælið sitt í kjölfar íslenska merkinu Kalda á dögumunum?

SVÖR:

1. 25.2 Landsbankinn 3. Lara Stone

Heilastarfsemin versnar fyrr: Byrjar að hraka um 45 ára aldur

HEILSA Heilastarfsemi fólks byrjar að hraka mun fyrr en áður var talið samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar. Heilastarfseminni byrjar að hraka við 45 ára aldur samkvæmt frétt BBC.

Eldri rannsóknir bentu til þess að heilastarfsemi héldist óskert fram til 60 ára aldurs. Samkvæmt niðurstöðum nýju rannsóknarinnar, sem birtist í breska læknatímaritinu British Medical Journal, hrakaði vitsmunalegri getu fólks um að meðaltali 3,6 prósent á árabílinu 45 til 49 ára.

Gera þarf frekari rannsóknir til að meta hvernig niðurstöðurnar geta nýst við að finna sjúkdóma á borð við alzheimers fyrr en nú er hægt. - bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Brotist inn á bensinstöð

Tilkynnt var um innbrot í Olís á Kjalarnesi á áttunda tímanum í gærmorgun. Á upptöku sást maður fara inn í verslunina og aftur út en talið er að engu hafi verið stolið.

Umferðaróhapp í Landeyjum

Umferðaróhapp átti sér stað í Landeyjum í gær sökum mikillar hálfu. Tveir bílar skullu saman og skemmdust mikið en farþegar sluppu ómeiddir.

Útgáfa ríkisskuldabréfa á árinu uppfyllir ekki fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna: Líkur á að krafa á skuldabréf lækki

FJÁRMÁLAMARKAÐIR Vænt skuldabréfaútgáfa Lánamála ríkisins og Íbúðalánasjóds á árinu mun ekki nægja til að fullnægja fjárfestingarþörf lífeyrissjóðakerfisins. Því er sennilegt að ávöxtunarkrafa á skuldabréfa-markaði lækki á næstunni. Þetta er mat sérfræðinga hjá Júpiter, rekstrarfélagi verðbréfasjóða í eigu MP banka, sem var til umfjöllunar í nýjasta fréttabréfi félagsins.

Í fréttabréfinu kemur fram að hrein útgáfa innlendrar ríkisskuldabréfa sé áætluð 75 milljarðar króna á þessu ári. Þá



MIKIL FJÁRFESTINGARÞÖRF Áætluð útgáfa á ríkisskuldabréfum á árinu er ekki næg til að fullnægja fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

er hrein útgáfa Íbúðalánasjóds áætluð um 35 milljarðar króna. Samtals gerir þetta 110 milljarða

en til samanburðar er áætluð fjárfestingarþörf lífeyrissjóðakerfisins metin á bilinu 120 til 144 milljarðar króna á árinu.

Þá telja sérfræðingar Júpíters ólíklegt að lífeyrissjóðirnir geti minnkað stöðu sína í ríkisskuldabréfum í einhverjum mæli á tímabilinu. Væntar nýskráningar á hlutabréfamarkaði hjálpi en dugi þó ekki til. Loks er bent á í fréttabréfinu að útgáfa skuldabréfa utan markflokka gæti einnig hjálpað til, þar á meðal útgáfa vegna fjármögnunar tónlistarhússins Hörpu.

- mþl

Hættuleg líkamsárás:

Kastaði glerflösku í höfuð

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að slá eða kasta glerflösku í höfuð annars manns. Sá síðarnefndi hlaut þriggja til fjögurra sentimetrar langan skurð á vinstra gagnauga og annan skurð þar fyrir neðan.

Það er lögreglustjórinn á Selfossi sem ákærir. Atvikið átti sér stað í október og er með það farið sem sérstaklega hættulega líkamsárás. Fórnlambið krefst rétt tæpra 330 þúsund krónur í skaðabætur. - jss

Ekki dæmt um skaðabætur

Málaferli gegn Íslandi fyrir EFTA-dómstólnum vegna Icesave snúast ekki um skaðabótaskyldu. Dæmt verður um brot á EES eða um mismunun eftir þjóðerni. Mögulegar skaðabætur þarf að sækja sérstaklega.

FRÉTTASKÝRING

Hverjar eru mögulegar niðurstöður EFTA-dómstólsins í máli gegn Íslendingum vegna Icesave?

ESA, eftirlitsstofnun EES, stefndi Íslendingum fyrir dómstól EFTA í desember. Tilefnið var meint brot þeirra á tilskipun um innstæðutryggingar. Dómstólsins er að meta hvort reglur innstæðutryggingakerfis Evrópusambandsins hafi verið brotnar í uppgjöri Icesave-skuldanna.

Samkvæmt tilskipuninni ber innstæðutryggingasjóði hvers lands að tryggja greiðslu lágmarkstryggingar til hvers sparifjáreiganda, að upphæð 20 þúsund evrur.

Við hrun Landsbankans ákváðu íslensk stjórnvöld að ábyrgjast allar innlendar innstæður að fullu. Þetta var gert með neyðarlögum sem samþykkt voru 6. október 2008, í upphafi bankahrunsins. Geir H. Haarde forsætisráðherra var fyrsti flutningsmaður þeirra. Í ræðu sinni sagði hann lögin nauðsynleg vegna bankakreppunnar.

„Við þessar erfiðu aðstæður hafa stjórnvöld víða um heim neyðst til að grípa til ráðstafana er miða að því að tryggja virkni fjármálakerfisins og efla traust



DEILT UM HRUNSVIÐBRÖGÐ Hart var deilt á Alþingi í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Mögulegt er að EFTA-dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að Íslendingar hafi mismunað á grundvelli þjóðernis varðandi innstæðutryggingar. Hann dæmir þó ekki um skaðabætur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

almennings á því,“ sagði Geir í ræðu sinni.

Þetta gildi hins vegar aðeins um innlendar innstæður. Breskir og hollenskir eigendur sparifjár

á Icesave-reikningum voru ekki inni í þessu íslenska innstæðukerfi, þó þeir hefðu átt reikninga í íslenskum banka: Landsbankanum.

Bretar og Hollendingar gripu til þess ráðs að tryggja innstæðurnar og fóru fram yfir það sem lágmarkstryggingin sagði til um. Bretar tryggðu 50 þúsund pund og Hollendingar 100 þúsund evrur. Deilur þjóðanna hafa síðan staðið um hvernig Íslendingar ætli sér að standa við lágmarkstrygginguna á erlendum reikningum einnig.

EFTA-dómstóllinn gæti, eins og sagt er frá hér til hliðar, komist að því að ráðstafanir Íslendinga væru brot á banni um mismunun vegna þjóðernis. Sú mismunun ætti þá væntanlega við um allar innstæður líkt og var hér á landi, ekki bara lágmarksinnstæðu. Um töluverðar upphæðir er að ræða þar sem lágmarksinnstæðurnar nema 670 milljörðum íslenskra króna en heildarinnstæður tæpum 1.200 milljörðum.

Eftir stendur að allt útlit er fyrir að eignir þrotabús Landsbankans dugi fyrir forgangskröfum og vel það og þar með lágmarkstryggingunni. Eftir standa þó deilur um vexti. EFTA-dómstóllinn kveður hins vegar aðeins upp úr um hvort brot hafi átt sér stað, ekki hverjar afleiðingar þess eru og hvað þá hvort það hafi skaðabótaskyldu í för með sér.

kolbeinn@frettabladid.is

Norræna félagið á Íslandi leitar að starfsmanni til að sinna verkefninu Nordjobb



Norræna félagið
STOFNAD 1922

Nordjobb miðlar sumarvinnu, húsnæði og tómskundadagskrá á Norðurlöndunum til ungmenna á aldrinum 18-28 ára.

Starfsmaðurinn á að útvega og miðla störfum og húsnæði á Íslandi í sumar auk þess að skipuleggja og framkvæma tómskundadagskrá sumarsins. Í starfinu felst að kynna verkefnið fyrir íslenskum ungmönnum.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð kunnátta í dönsku, norsku og/eða sænsku
- Háskólapróf sem nýttist í starfi er æskilegt
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Leiðtogaþæfni og færni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða tímabundið starf frá 1. febrúar til 31. ágúst 2012.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Vilbergsson, s. 5510165, netfang island@nordjobb.net. Upplýsingar um Nordjobb má einnig nálgast á heimasíðunni www.nordjobb.net.

Tekið er við umsóknum á netfanginu island@nordjobb.net. Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2012.

Norræna félagið - Óðinsgötu 7 - 101 Reykjavík - www.norden.is

Mögulegar niðurstöður EFTA-dómstólsins

1 Sýkna.

Málatilbúnaði ESA hafnað og Ísland sýknað. Eftirmál yrðu líklega engin af slíkrni niðurstöðu.

2 Brot á innstæðutillskipun.

Ísland dæmt fyrir brot gegn tilskipun EES-samnings um innstæðutryggingar. Forsendur dómsins gætu verið á þá leið að um greiðsluskyldu væri að ræða og Íslendingum því gert að greiða lágmarkstryggingu allra innstæða: 670 milljarða króna. Óvist er þó hvort greiðsluskylda fylgdi sjálfkrafa og þá hve víðtæk hún væri með tilliti til vaxta.


3 Mismunun á grundvelli þjóðernis.

Ísland dæmt fyrir að brjóta 4. grein EES-samningsins um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. Um brot á einni grunnreglu samningsins væri að ræða, en engu síður er óvist hvort um sjálfkrafa greiðsluskyldu væri að ræða. Yrði þetta niðurstaðan gætu Bretar og Hollendingar byggt áframhaldandi kröfur sínar á því að Ísland eigi að greiða allar innstæður: tæpa 1.200 milljarða króna.



Ljóst er að hver sem dómurinn verður mun íslenska ríkið ekki verða formlega dæmt til að greiða eitt eða neitt. Lesa þarf í forsendur dómsins og Breta og Hollendinga væri þá að sækja kröfur sínar og þá fyrir íslenskum dómstólum.

Hvað skaðabætur varðar eru skilyrði fyrir skaðabótakröfu þrjú: að um brot sé að ræða, orsakasambengi og alvarleiki. Það ylti því á því hvort Bretar og Hollendingar hafa orðið fyrir tjóni og þá hve alvarlegu hvort skaðabætur þyrfti að greiða.



**HIN ÁRLEGA RISAÚTSALA
ICEWEAR Í SUÐURHRAUNI
HEFST Í DAG!**

15% afsláttur á öllum vörum sem ekki eru á útsölu!

Velkomin í verslun okkar:

Suðurhraun 12c, 210 Garðabær / sími: 555 7409

10-18 alla virka daga / 11-16 laugardaga

**ICE
WEAR**



www.icewear.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Annað mengunarklúður kemur upp nákvæmlega ári eftir Funa-hneykslið:

Erfitt að biðjast afsökunar

Pegar nákvæmlega ár er liðið frá því að mengunarklúði vegna Funa á Ísafirði komst í hámmæli kemst nýtt mengunarmál í fréttirnar. Sá fréttáflutningur bendir ekki til að menn hafi lært mikið af fyrra málinu.

Í Funa-málinu komst upp að opinberar eftirlitsstofnanir vissu að díoxínmengun frá sorpbrennslustöðinni Funa væri margfalt yfir þeim mörkum sem leyfð eru í sorpbrennslum. Á þeirri vitneskju lá kerfið í meira en þrjú ár og íbúar á svæðinu fengu ekki upplýsingar um mengunina fyrr en hún mældist í mjólk frá nærliggjandi býli.

Forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar, Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytisins hafa síðan viðurkennt að það hafi

verið mistök að segja ekki frá niðurstöðum mengunarmælinga um leið og þær lágu fyrir. Sumir hafa meira að segja beðizt afsökunar.

Í málinu sem nú er komið upp er staðfest að bæði Skeljungur hf. og Matvælastofnun vissu síðastliðið vor að fyrirtækið hafði flutt inn áburð sem var ósöluhæfur vegna þess að kadmíumminnihald í honum var langt yfir leyfilegum mörkum. Engu að síður var áburðurinn settur í sölu og engum sagt frá kadmíummenguninni fyrr en í desember síðastliðnum.

Eftir býsna vandræðalegt undanhald í nokkra daga hafa nú bæði forstjóri Matvælastofnunar og forstjóri Skeljungs viðurkennt hér í Fréttablaðinu að rétt hefði verið að segja frá málinu strax í júní, þegar óyggjandi niðurstöður um kadmíumminnihaldið lágu fyrir. Hvorugur telur hins vegar ástæðu til að biðjast afsökunar á mistökunum.

Forstjóri Matvælastofnunar segir að verklagi verði nú breytt og sagt strax frá upplýsingum af þessu tagi, enda hafi stofnunin enga ástæðu til að leyna þeim.

Sennilega er það rétt, sem bent hefur verið á, að dreifing áburðarins hafi ekki valdið varanlegum skaða. Til þess að valda tjóni þyrfti að dreifa jafnmenguðum áburði árum saman. Það breytir ekki því að viðskiptavinir Skeljungs áttu að sjálfsögðu rétt á að vita hvers kyns var, um leið og niðurstöður mælinga á áburðinum voru klárar. Bæði Skeljungur og Matvælastofnun bera ábyrgð á að bændur fengu ekki þessar upplýsingar.

Í kjölfar Funa-málsins lögðu Ólína Þorvarðardóttir og þrír aðrir þingmenn fram frumvarp á Alþingi, sem á að bæta rétt almennings til upplýsinga um umhverfismál. Þar er meðal annars þessi grein: „Stjórnvöldum er ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að veruleg frávík vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra.“

Engin vanþörf virðist á að festa aukna frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnvalda í lög. Kannski þyrfti líka að skikka menn með lagabóði til að biðjast afsökunar á mistökum í þessum efnum, fyrst þeir eiga svona erfitt með að gera það að fyrra bragði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Styrkir til menntamála

Opnunarráðstefna Menntaáætlunar
Norrænu Ráðherra nefndarinnar
11. janúar 2012 15-17 Hótel Sögu

Nánari upplýsingar og skráning á www.nordplus.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Mat á mati kallar á nýtt mat
Fjármálaráðherra hefur heimild til að ábyrgjast fjármögnun Vaðlaheiðarganga og ekkert virðist því að vanbúnaði. Nema það að menn eru engan veginn sammála um það hve margir munu nýta sér göngin. Nú er komið út mat verkfræðings á mati hagfræðings og að mati þess síðarnefnda er mat þess fyrrnefnda mjög matskennt. Eiginlega meira en það, það sé einfaldlega fölsun á fyrra matinu. Betur væri ef legið hefði fyrir hlutlaust mat á framkvæmdinni áður en þáverandi

fjármálaráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, fékk heimildina frá Alþingi.

Gömul framtíð

Nýr flokkur Guðmundar Steingrímssonar og Besta flokksins mun heita Björt framtíð og sýnist sitt hverjum.

Ósáttastir eru þeir sem eru í öðru stjórn málaflí, sem hafði nú ekki farið hátt. Ný framtíð heitir það afl, sem verður að teljast nokkuð sérstakt nafn. Er framtíð ekki alltaf ný, eða er einnig til gömul framtíð?

Við og þið pólitíkin

Jón Baldvin Hannibalsson er ekki hrifinn af Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Lýðveldisins. Honum hrýs hugur við því að Ólafur bjóði sig fram aftur, aðallega þar sem hann er á móti Evrópusambandinu að mati Jóns. Og á hverju byggir hann það mat? Jú, í Silfri Egils í gær sagði Jón Baldvin Ólaf vera persónulega handgenginn valdhöfum í Kína og á Indlandi og því væri hann hatrammur andstæðingur ESB. Ólafur getur sem sagt ekki bæði verið hrifinn af Indlandi/ Kína og ESB, hann verður að velja.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Svandís og svartfuglarnir

Friðun svartfugla



Árni Elvar Lund sjávarútvegsfræðingur og formaður Skotveiðifélags Íslands

Síðasta útspil umhverfisráðherra í stríði hennar við veiðimenn og útivistarfólk landsins er atlagan að svartfuglsveiðum Íslendinga. Veiðar á svartfuglum hafa verið stundaðar frá landnámi og án efa hafa stofnarnir sveiflast í stærð, líkt og nú virðist vera að gerast. Ástæða niðursveifunnar er sennilega breytingar á fæðuframboði í hafinu og ljóst að skotveiðar hafa engin áhrif þar um.

Engu að síður er það niðurstaða meirihluta starfshóps að friða skuli þessa stofna, sem telja milljónir einstaklinga hver um sig, fyrir veiðum sem nema fáum tugum þúsunda fugla á ári. Veiði-álagið er jafnvel innan við 1% af stofnstærð sem þykir afar lítið sé lítið til veiðistjórnunar.

Enda kom það á daginn að Umhverfisstofnun, sem veiðistjórnun heyrir undir skv. lögum, treysti sér ekki til að skrifa upp á alfriðun enda vita menn þar á bæ að slíkt bann er marklaust og tilgangs-laust.

Niðurstaða nefndarinnar kom hins vegar engum á óvart enda var handvaldið í hópinn til að tryggja „réttu útkomu“. Í

grein ráðherra í Fréttablaðinu 5. janúar minnst Svandís ekki einu orði á að starfshópurinn klofnaði í fernt, þ.e.a.s. UST og SKOTVÍS skiluðu séráliti og Bændasamtökin sögðu sig frá starfinu. Umræddur „meirihluti“ í sjö manna starfshópi samanstóð af fjórum opinberum starfsmönnum og friðunarsinum sem neituðu að ræða rök með veiðum og skeyttu engu um skaðsemi tillagnanna fyrir veiðikortakerfið, kerfi sem aðrar þjóðir öfunda okkur af.

Ljóst er að ráðherra ætlar enn að vega að frelsi fólks til að stunda skynsamlegar veiðar, fyrst upp til fjalla og nú á hafi úti. Ekkert fær að vera í friði og greinilegt að Náttúrufræðistofnun er tilbúin að styðja við hvers kyns boð og bönn, sama hversu vitlaust sem það er, eins og fram kom í viðtali við forstjórnann í Morgunblaðinu 4. janúar: „...það verður bara að gera eitthvað til að reyna að sporna við þróuninni.“

Skotveiðifélag Íslands mótmælir þessum tillögum harðlega og bendir á skynsamlegri leiðir sem félagið hefur unnið og finna má á heimasíðu félagsins www.skotvis.is

Samkomuhús Reykvíkinga



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Verði hús vinsælt í Reykjavík fer það rakleitt á valista. Ekkert er húsi skeinuhættara í þessari borg en að margir taki ástfóstri við það og fólki líði vel þar. Þá renna þær á lyktina hinar mennsku veggjalýs sem nærast á innviðum húsa og samfélags.

Nýtingarhlutfallsferlíki
Fallett en þó einkum sögufrægt hús í Reykjavík á það ævinlega á hættu að lenda í eigu manns sem sér það ekki heldur eitthvað allt annað – helst eitthvað sem enginn annar vill sjá. Oft hefur það gerst á umliðnum árum í gömlu Reykjavík að einhver náungi eignast sögufrægt hús með það beinlínis fyrir augum að granda því til að reisa þar í staðinn forógnar-kassa með ógurlegu nýtingarhlutfalli svo að hann fái upp í kostnaðinn við að kaupa húsið sem honum er svo í nöp við, vegna þess að það var svo dýrt – af því að það var svo vinsælt. Þetta er ekki bara spurning um peningagræðgi. Sá sem ræður yfir húsi og eyðir því finnur líka til þess að hann hefur völd.

Hús með sál

Sum sé: Þetta fer maður strax að hugsa við fréttir af draumum lóðareiganda í hjarta Reykjavíkur um að reisa þar 4500 fm hótél og rífa Hótél Vík og fallega gula húsið við Aðalstræti 7 og Sjálfstæðishúsið gamla, þó að framhliðin á Austurvelli fái að halda sér.

Þetta eru gömul og ástsæl hús: burt með þau og reisum nýtingarhlutfallsferlíki í staðinn. Það renna á mann tvær grímur gagnvart svona áformum, ekki síst fréttum af hugsanlegu niðurrifi Gamla Sigtúns, eða NASA eins og staðurinn hefur verið nefndur frá því að hann gekk í endurnýju lífdaganna eftir að hafa verið árum saman notaður sem mótuneyti fyrir starfsmenn Pósts & Síma. Þetta er samhengið. Kannski er það ekki sanngjarnt. Kannski stendur ekki einu sinni til að rústa NASA til að reisa sálarlausan kassa með gamla kvennaskólann sem framhlið. Kannski gengur eigandanum gott eitt til og honum er í mun að þetta svæði fái að njóta sín sem best í framtíðinni. Við skulum vona það.

Eru menningarverðmæti fölgín í NASA? Þetta er víst engin Harpa hvað varðar hljómburð og íburð. Og innrétingarnar eru ekki það nýjasta af öllu nýjustu nýju. Þarna er ekki stærsta ljósakerfi Norðurlanda, stærsta

Fallett en þó einkum sögufrægt hús í Reykjavík á það ævinlega á hættu að lenda í eigu manns sem sér það ekki heldur eitthvað allt annað – helst eitthvað sem enginn annar vill sjá.

Á síðustu áratugum hefur vaxið fram stétt manna sem iðja við það að eignast falleg hús á eftirsóknarverðum stöðum, láta þau grotna niður, fylla þau af ógæfufólki, kveikja í þeim hvað eftir annað, misbjóða þeim á alla lund og rífa þau loks í fyrrgreindu augnamiði: að reisa eitthvað nýtingarhlutfallsferlíki í stað húss. Þessir menn eru húsum það sem Fonspálmarnir voru fyrirtækjum, einhvers konar verðmætasugur.

Undarleg sjálfseyðingarhvöt hefur löngum herjað á Reykjavík sem borg; skeytingarleysi um sögu borgarinnar og menningu, áhugaleysi um mannlífið, hálfgerður and-úrbanismi. Áratugum saman var borginni stjórnað af mönnum sem höfðu lífsviðurværi sitt af því að selja bíla og bensín og sáu sér hag í því að láta fólk aka sem allra lengst og mest – en landinu var stjórnað af mönnum sem var hreinlega í nöp við þennan bæ og töldu vöxt hans og viðgang einhvers konar slys í annars vel heppnaðri þjóðarsögu, allt frá Píningsdómi 1490 þegar þéttbýlismyndun var bönnuð af íslenskum stórbændum. Ráðamenn höfðu margir beinlínis þá hugsjón að láta rífa Bernhöftstorfuna – elstu heillegu götumyndina í hjarta Reykjavíkur - og setja þar í staðinn nokkurn veginn hvað sem var, bara eitthvað nógu ljótt, því að ekkert var fagurt nema sveitin heima.

dansgölf Evrópu eða stærsta fatahengi heims. Þarna er ekki stærsta neitt neins – en þarna er aftur á móti rúmgóður salur, frábært svið, stórt dansgölf, afbragðs hljómburður, og það sem mest er um vert: í húsinu er sál. Þetta er Samkomuhús Reykvíkinga. Það blasir við manni um leið og maður kemur þarna inn: öll samfélög hér á landi til sjávar og sveita með sjálfsvirðingu eiga sitt Samkomuhús og þetta er Hlégarður Reykvíkinga, þeirra Skjólbrekka, þeirra Sjalli. Því að þarna í þessum húsakynnum sem eru í senn glæsileg, virðuleg og svoltið snjád hafa kynslóðir Reykvíkinga dansað við undirleik tónlistarmanna, vangað, kjaftað úti undir vegg, þráttað og þruglað og drukkið asna á barnum, glaðst og glatt.

Hús er ekki bara hús, ekki bara skjól, veggir, leiðslur, tréverk. Hús er andrúmsloft sem verður til af því sem fram hefur farið þar innan veggja í tímans rás, hús er fólk, líðan þess, tilfinningar og athafnir – já og öll tónlistin.

Sá sem kemur inn á NASA rétt áður en ball byrjar heyrir eitt sekúndubrot óminn af allri tónlistinni sem þar hefur verið leikin gegnum tíðina. Og hún síast einhvern veginn inn í þann sem er að fara að leika þar um kvöldið. Þess vegna spila menn betur á NASA en annars staðar.

Nám í viðurkenndum tölvuskóla - skráðu þig núna:

Frábært tölvunám fyrir þig

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 43.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 25 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Bókhald og skrifstofutækni

Hagnýtt bókhald
Hagnýtt bókhald II
Tölvu- og bókhaldsnám

Excel, Access og Word

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Framhaldsnámskeið
Excel III: Fjölvar og forritun
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Framhaldsnámskeið
Word I: Fyrir byrjendur í Word
Word II fyrir lengra komna
Vinnsla langra skjala með Word

Forritun

Visual C# og ASP .NET forritun
ASP .NET forritun
Gagnagrunnsfræði
Silverlight

Kerfisfræði

Windows 7 kerfisfræði

Verkefnastjórnun

Hagnýtt verkefnastjórnun
PRINCE2 verkefnastjórnunaraðferðin
Microsoft Project verkefnastjórnun

Vefsíðugerð

DreamWeaver vefsíðugerð
Joomla vefsíðugerð
Vefsíðugerð grunnur
Vefsmíði og margmiðlun
Flash I: Margmiðlun
Flash II: Actions Script forritun

Grafík og ljósmyndun

Stafræn ljósmyndun
Stafræn ljósmyndun II
Stafræn myndbandagerð
Ljósmyndavinnsla með Picasa
Photoshop Elements ljósmyndavinnsla
Photoshop I: Grafík og ljósmyndir
Photoshop II: Myndvinnsla og grafík

Almennt tölvunám og byrjendur

Fartölvunám
Tölvunám fyrir 50+
Almennt tölvunám
Almennt tölvunám fyrir lengra komna
Tölvunám fyrir byrjendur
Internetið
Windows fyrir byrjendur

Þetta er aðeins brot af þeim vönduðu námskeiðum sem eru í boði hjá TV hefur verið í fremstu röð frá 1986 Skoðaðu nánar á www.tv.is eða hringdu í 520 9000



Grensásvegi 16 | 108 Reykjavík | Sími: 520 9000 | tv@tv.is | www.tv.is

Morgunverðarfundur ASÍ um gjaldmiðilsmál
Þriðjudaginn 10. janúar kl. 8-10 á Hilton Reykjavík Nordica

ÍSLENSKA KRÓNAN BLESSUN EÐA BÖLVUN?

Hvaða valkosti eigum við í gjaldmiðilsmálum?

Nauðsyn á stöðugum og traustum gjaldmiðli til að tryggja bætt lífskjör
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Hvaða valkosti eigum við í gjaldmiðilsmálum?
Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands

Munurinn á því að taka upp gjaldmiðil einhliða eða taka upp evru með aðild að ESB
Friðrik Már Baldursson, forseti Viðskiptadeildar HR

Kostir sveigjanlegs gjaldmiðils við hagstjórn
Ragnar Árnason, prófessor við HÍ

Eftir framsögu ræðumanna verður opnað fyrir umræður.

Fundarstjóri: Þóra Arnórsdóttir fréttamaður.



Alþýðusamband Íslands

Allir velkomnir.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á
HVERJUM MORGNI!



vísir



68 **68 JIMMY PAGE** gítarleikari Led Zeppelin er 68 ára í dag. „Ég trúi kannski ekki á sjálfan mig, en ég trúi á það sem ég er að gera.“

Merkisatburðir 9. janúar

- 1431** Réttarhöld yfir Jóhönnu af Örku hefjast í Rouen.
- 1793** Jean-Pierre Blanchard verður fyrstur til að fljúga yfir Bandaríkin í loftbelg.
- 1935** Lög um aldurshámark opinberra starfsmanna og embættismanna sett.
- 1964** Tunnuverksmiðjan á Siglufirði eyðileggst í bruna og 40 manns verða atvinnulausir.
- 1982** Hús Íslensku óperunnar vígt, óperan Sígauanabaroninn frumsýnd.
- 1986** Hafliði Hallgrímsson hlýtur tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt, Poemi.
- 1990** Mikið stormflóð veldur stórskemmdum á Stokkseyri, Eyrarbakka og í Grindavík.

Sigrúðu í tónleikasamkeppni

Tónleikaröð Salarins, sem ber yfirskriftina Tónlistarháttíð unga fólksins, efndi í vetur til tónleikasamkeppi. Leitað var eftir frábærum flytjendum af yngri kynslóðinni og heilsteypri efnisskrá. Sigurvegari keppinnar er Kvartett Inegal sem hóf að leika saman í Lübeck haustið 2008 þegar liðsmenn hans voru við nám í tónlistarskólanum þar. Kvartettinn skipa Lucas Brunnert og Eygló Dóra Davíðsdóttir sem bæði leika á fiölu, Joachim Kelber sem leikur á víólu og Nika Bric á selló.



Ein úr Inegal Eygló Dóra Davíðsdóttir leikur á fiölu í kvartettinum.

Efnisskráin er þegar tilbúin. Haustið 2010 var kvartettinn Inegal valinn til að spila á tónleikum „Junge Künstler Live“ sem sendir voru út í beinni útsendingu á NDR og út frá því bauðst þeim að fara í upptökur hjá NDR. Sú upptaka er nú í spilun hjá NDR-Kultur.

Styrktartónleikar í Salnum

Hljómsveitirnar Band nútímans, Geirfuglarnir, Agent Fresco, Menn ársins, Aldinborg og Lame dudes koma fram á styrktartónleikum í Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 19. janúar næstkomandi. Allur ágóði af miðasölu rennur til styrktarsonum Rafnars Karls Rafnarsonar en móðir þeirra og eiginkona Rafnars, Regína Sólveig Gunnarsdóttir, féll frá í október á síðasta ári. Allir sem taka þátt í tónleikunum gefa vinnu sína.



AGENT FRESCO Er á meðal hljómsveitanna sem fram koma á styrktartónleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Ástæðar eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Arnór Jón Sveinsson
Hjallalundi 22, Akureyri,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar, þriðjudaginn 3. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju miðviku-daginn 11. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð heimahlynningarinnar á Akureyri.

F.h. fjölskyldunnar,
Sigurrós Aðalsteinsdóttir.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

PETTA GERÐIST: 9. JANÚAR 2002

Jackson krýndur listamaður aldarinnar

Á 29. verðlaunahátíð American Music Awards, sem fór fram í Shrine Auditorium í Los Angeles 9. janúar 2002, var Michael Jackson verðlaunaður sem listamaður tuttugustu aldarinnar. Leikarinn og grínarinn Chris Tucker afhenti Jackson verðlaunin og sagði meðal annars: „Michael Jackson er söluhæsti listamaður allra tíma og Thriller er söluhæsta plata sem gefin hefur verið út. Hann hlýtur nafnbótina

listamaður aldarinnar fyrir einstakt framlag sitt til tónlistar á árunum frá 1970 til 2000.“ Þegar Jackson steig á svið til að veita verðlaununum viðtöku risu áhorfendur úr sætum og fögnuðu honum með dynjandi lófataki. Í þakkarræðu sinni þakkaði Jackson hópi fólks sem hann sagði skipta miklu máli í lífi sínu. Þar á meðal voru móðir hans og faðir og „hinn faðir minn, Marlon Brando“.



KÓMEDIÚLEIKHÚSIÐ: FIMMTÁN ÁRA STARFSAFMÆLI Á ÁRINU

Svakalegt hark en alltaf jafn gaman og þörfin jafn sterk

Forsaga málsins er sú að ég var ásamt öðrum Íslendingi, Róbert Snorrasi, í leiklistarnámi úti í Kaupmannahöfn,“ segir Elfar Logi Hannesson leikari og stjórnandi Kómedíuleikhússins sem fagnar fimmtán ára starfsafmæli í ár. „Við komum saman hingað upp staðráðnir í því að „meika það“ eins og leikara er háttur. Tækifærin voru ekki eins mörg og við höfðum búist við þannig að við brugðum á það ráð að stofna leikhús sjálfir. Þetta fyrsta ár, 1997, settum við upp þrjú lítil verk. Fingum inni í Móguleikhúsinu í Reykjavík með fyrsta stykkið og fórum síðan á flakk um landið, auk þess sem við settum upp tvö lítil verk fyrir börn á öllum aldri og sýndum á ýmsum úti-hátíðum um sumarið. Róbert tók síðan þá ákvörðun um haustið að flytja aftur til Danmerkur þar sem hann hefur búið og leikið síðan. Ég hélt áfram í harkinu hér heima og það fór lítið fyrir Kómedíuleikhúsinu þessi fyrstu ár.“

Um aldamótin 2000 varð sú breyting á högum Elfars Loga að hann flutti með konu sinni, Marsibil Kristjánsdóttur myndlistarmanni, og börnum þeirra vestur á firði og settist að á Ísafirði. „Fyrir vestan gekk Kómedíuleikhúsið í endurnýjun lífdaga og strax 2001 setti ég upp fyrsta einleikinn, leikrit eftir Samuel Beckett sem heitir Leikur án orða. Eftir það fór boltinn á fulla ferð og hvert verkið rak annað, verk um myndlistarmanninn Mugg og skáldið Stein Steinarr fylgdu í kjölfarið, gengu vel og hlutu góðar viðtökur þannig að það gaf heldur betur byr í seglin. Svo gerist það árið 2005 að Gísli Súrsson verður til. Einleikur sem notað hefur fádæma vinsælda og verið mjólkurkúr Kómedíuleikhússins allar götur síðan. Sýningarnar á Gísla eru orðnar rúmlega tvö hundruð og enn sýni ég hann á hverju sumri, þá oftast á ensku fyrir ferðamenn.“

Í hugum flestra er Elfar Logi Kómedíuleikhúsið holdi klætt, en hann segir það vera töluverðan misskilning. „Konan mín hefur verið með mér í þessu frá upphafi og verið mjög öflug.



ALDREI SLAKAÐ Á Elfar Logi Hannesson rekur eitt öflugasta leikhús landsins, Kómedíuleikhúsið, sem fagnar fimmtán ára starfsafmæli á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún hefur hannað leikmyndir og búninga í flestum verkunum auk þess að vera minn besti ráðgjafi. Svo gerðist sá merki atburður fyrir tveimur árum að annar atvinnuleikari flutti á svæðið og ég var ekki seinn á mér að grípa hann, en fram að því hafði ég verið eini atvinnuleikarinn með fasta búsetu á Vestfjörðum. Sá heitir Ársæll Nielsson og býr á Suðureyri og hefur starfað með mér af fullum krafti allar götur síðan.“

Hvað á svo að gera til hátíðabrigða á afmælisárinu? „Þemað á afmælisárinu verður mjög alþjóðlegt. Fyrsta frumsýningin er í byrjun mars á Suðureyri og þar mun Ársæll leika skáldið á Þróm, öðru nafni Magnús Hj. Magnússon, fyrirmyndina að Ólafi Kárasyni í Heimsljósi, en ég leikstýri. Hin leik-

sýningin fjallar um annan alþjóðlistamann, listamanninn með barnshjartað, Samúel í Selárdal. Þá skiptum við um hlutverk, ég leik og Ársæll leikstýrir og frumsýning verður síðustu helgina í júní í kirkjunni í Selárdal.“

Það er aldrei slakað á greinilega. Ertu ekkert að verða leiður á þessu? „Nei, ekki ennþá. Auðvitað kemur alltaf einhver leiði yfir mann annað slagið eins og hjá öllum öðrum, sama í hverju þeir vinna. Maður dettur í það að velta því fyrir sér hvers vegna maður sé að þessu. Þetta er náttúrulega svakalegt hark en einhvern veginn hefur maður alltaf jafn gaman af þessu og sterka þörf fyrir að sinna leikhúsinu,“ segir Elfar Logi.

fridrikab@frettabladid.is

Íslam og framtíð Mið-Austurlanda

Leyst úr lædingi? Íslam, stjórnmal og framtíð Mið-Austurlanda er yfirskrift hádegisfundar í Lögbergi á fimmtudag. Þar mun Magnús Þorkell Bernharðsson, prófessor við Williams háskóla í Bandaríkjunum sem er sérfróður um málefni Mið-Austurlanda, fjalla um stöðuna fyrir botni Miðjarðarhafs og þær umfangsmiklu breytingar sem hafa orðið á stjórnmalum Mið-Austurlanda á síðasta ári.

Hvað þarf að hafa í huga þegar fjallað er um hið svokallaða arabíska vor? Munu róttækar hreyfingar íslamista ná yfirhöndinni eða munu frelsisþörf og lýðræðistraumar mótmælenda ná að stemma stigu við íslamsvæðingu svæðisins? Hvert er svarið við því hvernig eigi að tvinna saman nútímann og íslam og hvaða leið verður væntanlega ofan á eru spurningar sem hann mun leitast við að svara. Fundurinn er haldinn á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Fundarstjóri er Bogi Ágústsson fréttamaður.



VELTIR UPP ÝMSUM SPURNINGUM Magnús Þorkell mun fjalla um þær umfangsmiklu breytingar sem hafa orðið á stjórnmalum Mið-Austurlanda á síðasta ári.



Sameinuðu þjóðirnar í Brussel og Norræna ráðherra-nefndin hafa ýtt úr vör evrópskri auglýsingasamkeppni undir fyrirsögninni „Framtíðin sem við viljum - Dropi fyrir dropa.“ Samkeppnin er haldin um alla Evrópu en nánari upplýsingar eru á www.honnunarmidstod.is

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Íslensk hönnun fangar athygli breska hönnunartímaritsins Icon.



Lesið um allan heim

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Herðatréd Willow, nýjasta vara hönnunartríósins Færísins, verður á síðum febrúarheftis hönnunartímaritsins ICON. Blaðið er með virtari fagttímaritum um hönnun og dreift um allan heim. Nú þegar má lesa um Willow á vef

tímaritsins www.iconeye.com en blaðið sjálft kemur út nú í janúar. Fyrir um ári fjallaði ICON um Askinn eftir Færið.

„Þau hafa fylgst aðeins með okkur síðan,“ segir Þórunn Hannesdóttir vörühönnuður en auk hennar skipa Herborg Harpa

Ingvarsdóttir arkitekt og Karin Erikson vörühönnuður Færið. „Við verðum líka í vöruárbókinni þeirra, The Icon Product Yearbook 2012. Það er mjög spennandi því mörg fyrirtæki nota þá bók til að

FRAMHALD | 2

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



Járn & Gler ehf. - Skútvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarnkler.is

ÚTSALA

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur


Svefn & heilsa



www.svefn.is

20-70%
AFSLÁTTUR
af völdum vörum

Skriptidýnur,
útlitsgallaðar dýnur
og sýningardýnur
Lök, pífur,
hlífðardýnur,
sængurverasett
og fleira



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opnið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



Ísskápur fullur af mat geta verið lítt aðgengilegir og það sem lendir aftast vill gleymast. Ein sniðug leið til að ná betur til hráefnanna er að setja snúningsdisk inn í ísskápinn, þannig er betur hægt að nálgast allt sem á honum stendur.

Rafhitarar í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitarar

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Framhald af forsiðu

velja vörur í innkaup fyrir hótél og fleira,“ útskýrir Þórunn. Stutt er síðan Færið sýndi Willow á bresku sýningunni One Year on þar sem það vakti athygli sýningargesta. „Það gekk rosalega vel,“ segir Þórunn. „Við gáfum íslenskan lakkrís að smakka og fólk var mjög áhugasamt, bæði um vöruna og um fyrirtækið okkar.“

Herðatréð er framleitt af Format í Hafnarfirði og unnið út frá ævintýrum HC Andersen. Þórunn segir misjafnt hvað fólk lesi út úr forminu, sumir sjái laufblöð, aðrir fiðrildi og enn aðrir lopapeysumynstur. Enn sem komið er fæst Willow aðeins í hvítu en á döfinni er að bjóða upp á fleiri liti. Willow fæst í Epal, Minju og Mýrinni.

Árið fer því vel af stað hjá Færinu og þær sitja ekki auðum höndum. Þórunn verður þó leyndardómsfull þegar hún er spurð hvað liggja á teikniborðinu. „Við erum byrjaðar að undirbúa HönnunarMars en það kemur bara í ljós hvað við frumsýnum þar,“ segir Þórunn.

heida@frettabladid.is



Dvergurinn, blöðruseldurinn, hvítabjörninn og sæljónið eru fágætir gripir sem ekki voru framleiddir í mörgum eintökum.

Heiðra minningu Guðmundar frá Miðdal

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var fjölhæfur listamaður og lagði stund á höggmyndasmíði, málalíst og eirstungu. Nokkur keramikverk eftir hann eru boðin upp hjá Gallerí Fold um þessar mundir.

Guðmundur Einarsson var fæddur í Miðdal í Mosfellssveit árið 1895. Hann nam myndlist í teiknskóla Stefáns Eiríkssonar á árunum 1911 til 1913. Síðar fór hann til Danmerkur þar sem hann stundaði nám við teiknskóla Viggo Bjergs í Kaupmannahöfn frá 1919 til 1920. Að því námi loknu hélt hann í Det Kongelige Akademie for de Skønne Kunster í Kaupmannahöfn og lauk námi þaðan 1921. Þá hélt hann til Þýskalands þar sem hann lagði stund á myndhöggvaranám við einkaskóla Hans Schzegele í München 1921-1925 og nám í leirbrennslu við sama skóla 1924-1926.

„Guðmundur kom fyrst fram með verk opinberlega á sýningu Listvinafélagsins árið 1921. Hann var fjölhæfur listamaður og lagði stund á höggmyndasmíði, málalíst og eirstungu svo eitthvað sé nefnt en verk Guðmundar einkennast af áhrifum úr hrikalegu landslagi Íslands og áhuga hans á mannlífi frá fyrri öldum,“ segir Jóhann Ágúst Hansen hjá Gallerí Fold en gallerífið heldur um þessar mundir séruppböð til heiðurs Guðmundi. Á því eru 38 keramikverk eftir hann en hér til hliða má sjá nokkur verkanna sem öll eru fremur sjaldgæf.

Guðmundur var frumkvöðull á ýmsum sviðum og hélt fyrstu grafík-sýninguna hér á landi 1925 en það ár flutti hann inn fyrstu grafíkpressuna frá Þýskalandi. Hún var framleidd af Paul Wenzel



Minni fálkinn kemur sjaldnar í sölu en sá stóri enda var mun minna framleitt af honum. Hann hefur þó verið að seljast á svipuðu verði og sá stóri.

Fálkinn hefur verið einn eftirsóttasti gripurinn í gegnum tíðina og hefur náð hæsta verðinu. Hann selst oft á um 130 til 150 þúsund krónur en dæmi eru um að hann hafi selst á mun herra verði.

Stúlkan í þjóðbúningnum hefur aðeins einu sinni áður komið inn á uppboð frá árinu 1985 og því afar sjaldgæfur gripur.

í Dresden. „Guðmundur notaði pressuna mikið og meðal annars eru hinar þekktu Reykjavíkurmýndir hans þrykktar á hana,“ segir Jóhann en pressan er nú í eigu Gallerí Foldar og er þar til sýnis.

Stuttu seinna kom Guðmundur á fót fyrsta leirmunaverkstæðinu

á Íslandi og var í tæpa tvo áratugi eini listamaðurinn sem sinnti þeirri listgrein. Guðmundur var fyrstur til að gera tilraunir með íslenskan leir og naut stuðnings hins opinbera til rannsókna á heppilegu hráefni fyrir leirmunagerðina. Guðmundur lést árið 1963 en eftir hann liggja fjölmörg verk.

Meirapróf



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 11. janúar 2012

JEPPARAFAFGEYMAR



Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



Venice leðursófasett 3+1+1
Verð nú kr. 229.500,- m/55% afsl.
Til í hvítu og svörtu.

Glæsileg ítölsk leðursófasett, borðstofuborð, sófaborð og margt fleira með allt að 70% afslætti!

Signature

Opíó: Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16
Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

ÚTSALA

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 6751



Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



Þórarinn Thorarensen
Söluvörðinn
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Maríusson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Friðbert Bragason
Sölufulltrúi
Sími 820 6022

Við erum Landmark*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



Ástþór Reyni Guðmundsson
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

audur@remax.is

Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

Atvinnuhúsnæði og þrjár íbúðir á Laugavegi

Stakfell hefur til sölu húseign við Laugaveg í Reykjavík. Eignin skiptist í atvinnuhúsnæði og þrjár íbúðir.

Í húsnæðinu, sem skiptist í kjallara, fyrstu og aðra hæð, er rekið vinsælt veitingahús/skemmtistaður og eru allar fastar innréttingar vandaðar. Veitingahúsið er alls 475,6 fm. Leigusamningur er um eignina.

Á þriðju hæð er búið að innrétta tvær smekklegar stúdíóíbúðir með sérinngangi af svölum. Allar lagnir hafa verið endurnýjaðar, eldhús er með hvítri sprautulakkaðri innréttingu, borðplötur og hliðar úr graníti, vönduð rafmagnstæki, ísskápur og uppþvottavél innfeld í innréttingu. Badherbergi er flísalagt í hólfi og gólf með sturtu.

Á efstu hæðinni er ein íbúð 83,6 fm, smekklega innréttuð og allar lagnir hafa verið endurnýjaðar. Eldhús er með hvítri sprautulakkaðri innréttingu, borðplötur og hliðar úr graníti, vönduð rafmagnstæki, ísskápur og uppþvottavél innfeld í innréttingu. Badherbergi er flísalagt í hólfi og gólf með sturtu. Góðir skápar eru í svefnherbergi. Búið er að taka niður efra loft í helming íbúðar,



Í húsnæðinu er rekið vinsælt veitingahús/skemmtistaður.

Þannig að stofurými er með mikilli lofthæð. Annar helmingur yfir svefnálmú er með svefnlofti.

Sameignin í húsinu hefur verið endurnýjuð á smekklegan hátt.

Nánari upplýsingar á www.stakfell.is og í síma 535-1000.

Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmót fasteigna.
Pendo.is – 588 1200



heimili FASTEIGNASALA



Bogi Molby
Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþórir Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufulltrúi og
lögg. leigumíðlari.



Tryggvi Kornelíusson
sölufulltrúi



Ásdís Íreina Sigurðardóttir
skjalagerð

530 6500

Skipholt 29a
Opíð mán. – fös. frá kl. 9-17
www.heimili.is



Lómasalir 7 - Opíð hús
Gott vel innréttað 190 fm parhús með innbyggðum bílskúr. Parket og flísar á gólfum og eikarinnréttingar. Móguleg skipti á minni eign í hverfinu. V. 52,5 m. Góð áhvilandi lán.
Húsið er til sýnis í dag kl 17:30-18:00



Þórsberg - 2 - 3ja herb.
Góð 80 fm íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Sérinngangur, sólpallur og vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 20,9 m.



Draumahæð - Endaraðhús.
Gott endaraðhús á vinsælum stað í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi og tvær stofur. Suðursvalir, verönd og góður bakgarður. V. 47,5 m.
Móguleg skipti á minni eign



Breiðavík - 4ra herb + bílskúr.
Góð 111 fm útsýnisíbúð efstu hæð í lyftuhúsi ásamt bílskúr 25 fm. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Þvottahús innan íbúðar. Einstakt útsýni. Laus fljótlega.



Frostaföld með bílskúr.
Mjög rúmgóð 107 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 25 fm bílskúr. Parket og flísar á gólfum. Þvottahús innan íb. Stór stofa með suður-svölum, glæsilegt útsýni. Íbúðin er laus fljótlega. Verð 25,0 milljónir.



Andrésarbrunnur - Bílskýli.
Falleg og vel skipulögð 5 herb. 127 fm íbúð í lyftuhúsi og meðfylgandi staði í lokuðu 3ja bíla bílskýli. Laus til afhendingar.



Kleppsvegur - 4ra herb útsýni
Vel skipulögð mikið endurbætt 100 fm íbúð í suðvesturenda. Íbúðin er á 6. hæð í lyftuhúsi. Góðar svalir og frá eigninni er mikið útsýni til allra átta. V. 22,9 m. Áhv 18,8 m



Þrymsalir - tvær íbúðir.
Vandað einbýli með tveimur íbúðum. Neðri hæð um 135 fm og efri hæð 270 fm með bílskúr. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki. Góð staðsetning í jaðri byggðar.



Bárugata - Gistiheimili
Reisulegt falllegt 440 fm einbýlishús/atvinnuhúsnæði í hjarta borgarinnar. Húsið er á fjórum hæðum. Kjallari, tvær hæðir og ris. Húsinu fylgir sérstandandi bílskúr. Húsið stendur á eignarlóð. Gott verð.



Sóleyjarími - Endaraðhús
Gott 200 fm endaraðhús með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Steypt afgirt verönd og bílastæði, suðursvalir og góður garður. V. 48 m. **Makaskipti á minni eign móguleg.**



Fróðáþing - einbýlishús
Nýtt einbýlishús á einstökum útsýnisstað við Elliðaavatn. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er skráð 337,7 fm. Íbúðarrými 293,8 fm og bílskúrinn V. 43,9 fm.



Aflagrandi - eldri borgarar
Rúmgóð 2ja herbergja íbúð á 10. hæð í lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir í norðvestur og frá þeim mikið útsýni. Eign er laus til afhendingar. Mikil þjónusta á staðnum



Laugarnesvegur - 2ja herb
Vönduð 87 fm íbúð í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin er á 4. hæð með flísalagðar yfirbyggðar suðaustur svalir. Sérinngangur er af svölum og meðfylgandi staði í bílskýli. V. 28,0 m.



Fjólúas - glæsilegt útsýni.
Mjög vel skipulagt 332,4 fm parhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr á frábærum útsýnisstað í Ásahverfinu Hafnarfirði. Afhendist fullbúið að utan, fohelt að innan og lóð gróðfönuð. V. 43 m.

Gleðilegt ár kæru landsmenn!



Lundur 86-92



Glæsileg fjölbýlishús í Fossvogsdalnum í Kópavogi.

Lundur 86-92 eru þrjú 4ra – 6 hæða fjölbýlishús með samtals 52 íbúðum. Íbúðirnar eru þriggja herbergja og stærri. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Leitast var við að hafa íbúðirnar bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum og hita í gólfum.

Leitið upplýsinga á skrifstofu og á www.fastmark.is



Aragata

Fallegt 314,4 fm einbýlishús, hæð og kjallari auk rislofts á þessum eftirsóttá stað. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. Aðalíbúðin skiptist m.a. í 3 samliggjandi stofur, rúmgott eldhús og 4 herbergi. Full lofthæð er í kjallara. Lóðin er 762,0 fm að stærð. **Hægt er að koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Verð 79,9 millj.**



Birkigrund 34- Kópavogi

OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 – 18.00

Gott um 292 fm. raðhús að meðtöldum 26,6 fm. fristandandi bílskúr. Eignin er tvær hæðir, kjallari og ris. Á aðalhæðum eru m.a. eldhús, stofa, borðstofa, fjölskyldu-/sjónvarpsrymi og 3 rúmgóð herbergi. Rísið er eitt rými með fjórum góðum þakgluggum. Sér inngangur í kjallara og því mögulegt að skipta eigninni í tvær íbúðir. Skjalsæll garður í góðri rækt. Vel staðsett eign í barnvænu hverfi. **Stutt í þjónustu. Verð 45,0 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**



Grænamýri- Seltjarnarnesi. 4ra herb. íbúð.

Glæsileg 111,4 fm. 4ra herb. íbúð á neðri hæð með séringangi á þessum eftirsóttá stað. Stofa/borðstofa með útgengi á hellulagða verönd til suðurs. 3 svefnherbergi. Eldhús með maghony innréttingu og baðherbergi með nýlegri víðarinnréttingu. **Verð 35,0 millj.**



Einilundur- Garðabæ

Stórglæsilegt 324,7 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað við opið svæði á grónum stað í Garðabæ. Húsið var algjörlega endurnýjað árið 2007 á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, hvítar háglans. Vönduð tæki í eldhúsi og í baðherbergjum. Stórt eldhús með arinstofu innaf, setustofa og 8 herbergi. Lóðin er 1.248,0 fm. að stærð.



Fagrahæð - Garðabæ

Fallegt 219,0 fm. einbýlishús með innb. bílskúr á þessum eftirsóttá stað í Garðabæ. Eignin er með vönduðum innréttingum, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í loftum. Glæsilegt eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, sjónvarpsrymi/vinnuástaða, 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Utgengt úr stofum í garðskála með heitum potti. Gólfhiti að hluta. **Verð 65,0 millj.**



Kambasel - 5 herbergja.

Falleg og vel skipulögð 105,2 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum svölum til suðurs auk sér geymslu. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Bjartar og rúmgóðar stofur. **Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 26,9 millj.**



Viðarás

Fallegt og vandað 160,3 fm parhús á einni hæð að meðtöldum 26,9 fm. bílskúr. Eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, rúmgott hjónaherbergi og 2 barnaherbergi. Hiti í innkeyrslu og stéttum og skjólgóð verönd til suðurs út af stofum. Útsýnis nýtur að Rauðavatni, að Bláfjöllum og víðar. Stutt í skóla og leikskóla.



Kringlan - endaraðhús

Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórra eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Afgirt og skjólgóð lóð með stórra verönd. **Verð 56,9 millj.**



Fálkagata - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 99,6 fm á 3. hæð auk íbúðarherbergis í risi með aðgengi að snyrtingu. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Björt stofa með útsýni til sjávar og að Reykjanesi. 3 herbergi. Skjólögðar svalir til suðurs. **Húsið er nýviðgert og málað að utan. Verð 27,9 millj.**



Glæsibær

Fallegt 167,2 fm einbýlishús að meðt. 31,2 fm bílskúr á þessum frábæra stað við Elliðaárdalinn. Eignin skiptist m.a. í hol með útgangi á verönd, samliggjandi stofur með arni, eldhús með góðri borðaðstöðu, 3 herbergi(4 á teikn.) og baðherbergi. Húsið er nýmálað og viðgert að utan. Ræktuð lóð með víðar- og hellulögðum skjólgóðum veröndum og skjólveggi. **Verð 54,9 millj.**

4 - 6 HERB.



Mariubaugur.

Glæsilegt 150 fm. endaraðhús að meðt. 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eigninni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgóð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Glæsileg lóð með stórra timburverönd til suðurs og heitum potti. Leik- og grunnskóli í næsta nágrenni. **Verð 49,5 millj.**



Ægisíða - 4ra herbergja

Falleg 96,1 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þrjúbýlishúsi í vesturbænum. Eldhús með ljósum víðarinnréttingum. Rúmgóð stofa/borðstofa. 3 herbergi. **Búð er að endurnýja gler í íbúðinni að mestu og þak var endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan. Verð 29,5 millj.**



Unnarbraut - Seltjarnarnesi. Efri sérhæð.

Glæsileg 201,8 fm. efri sérhæð að meðtöldum 32,6 fm. bílskúr í þrjúbýlishúsi á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin var nánast öll endurnýjuð að innan á afar vandaðan hátt. Vönduð lýsing. Stór eyja í eldhúsi. Bjartar samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir Sjónvarpsstofa. Útsýnis nýtur bæði til suðurs og vesturs. **Verð 55,0 millj.**



Básbryggja - 4ra herbergja með bílskúr.


Falleg 136,6 fm íbúð í litlu fjölbýli í Bryggjuhverfinu auk 20,8 fm. bílskúrs sem innangengt er í. Íbúðin er á tveimur hæðum og með skemmtilegu útsýni yfir stóran sameiginlegan garð. Vestursvalir út af stofu og borðstofu. Opið eldhús með færanlegri eyju. **Opið rými/fjölskyldurými með þakgluggum og 3 rúmgóð herberg. Verð 31,0 millj.**

3JA HERB.

Rauðalækur 7 – séringangur og sér bílastæði á lóð



OPIÐ HÚS
Góð 84,9 fm. íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Björt stofa með útgengi á lóð. Tvö rúmgóð herbergi. Þvottaherbergi/geymsla innan íbúðar. **Upphitað bílþvottur. Verð 23,3 millj.**
Eignin verður til sýnis á morgun. Verið velkomin.



Skálateigur – Akureyri. 4ra herbergja

Glæsileg og vel innréttað 121,5 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli á Akureyri ásamt stæði í bílageymslu og sér geymslu. Innréttingar eru úr eik og parket og flisar á gólfum. Opið eldhús með útgengi á svalir. **Rúmgóð setu- og borðstofa. 3 herbergi. Verð 34,9 millj.**

Þórðarsveigur – góð 3ja herb. íbúð



Björt og vel skipulögð 84,3 fm. íbúð á 4. hæð, efstu, í góðu lyftuhúsi. Opið eldhús með ljóstri viðarinnréttingu. 2 góð herbergi með skápum. Stofa og borðstofa með útgengi á suðursvalir með útsýni til suðurs og vesturs. Vel staðsett eign í nálægð við leik- og grunnskóla. **Stæði í lokaðri bílageymslu. Verð 23,9 millj.**

Hjallabrekka - Kópavogi. 3ja herb. íbúð með séringangi



Mikið endurnýjuð og vel staðsett 110 fm. íbúð á 2. hæð, íbúð 0202. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með nýrri sprautulakkaðri innréttingu og góðum borðkrók. Þvottastaða innan íbúðar. Hiti í gólfum að hluta. **Sér bílastæði og sér útiþeymsla. Verð 24,9 millj.**

Laufengi – útsýnisíbúð



Góð 95,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð að meðalinni sér geymslu í litlu fjölbýli með sameiginlegu yfirbyggðu stæði í Grafarvogi. Eldhús með góðum borðkrók. Suðvestursvalir út af stofu. Baðherbergi flisalagt í gólf og veggi. **Laus til afhendingar strax. Verð 21,9 millj.**

Skólavörðustígur



Falleg 78,4 fm. íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í nýlegu húsi í hjarta miðborgarinnar. Svalir út af stofu með útsýni til suðurs. Opið eldhús með sprautulökkuðum innréttingum. Baðherbergi flisalagt í gólf og veggi. **Sameign nýlega tekin í gegn. Verð 27,5 millj.**

Strandvegur-Sjálendi Garðabæ



Vel skipulögð 77,2 fm á jarðhæð með sér verönd og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 2 rúmgóð herbergi. Úr hjónaherbergi er útgangur á verönd með skjólveggjum. **Þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 22,9 millj.**

2JA HERB.

Tjarnarból – Seltjarnarnesi. Laus strax.



Góð 70,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Opið eldhús með fallegri ljóstri innréttingu u. Svalir út af stofu til suðurs. Þvottaherbergi sameiginlegt á hæðinni. **Laus við kaupsamning. Verð 18,5 millj.**

Víkurás



58,8 fm. íbúð á 1. hæð/jarðhæð í góðu fjölbýli í Selásnum að meðalinni sér geymslu. Útgengt á hellulagða verönd til suðurs úr stofu. Opið eldhús með ljóstri viðarinnréttingu. **Svefnherbergi með góðu skáplássu. Verð 14,9 millj.**

Stelkshólar



Falleg og björt 65,5 fm. íbúð í litlu fjölbýli með góðu útsýni til austurs. Björt stofa og borðstofa með útgengi á suðaustursvalir. Opið eldhús að hluta. Rúmgott hjónaherbergi. Sameign snrytileg. **Fin fyrstu kaup. Laus fljótlega. Verð 14,9 millj.**



Nýbýlavegur – Kópavogi.

2ja herb. íbúð með séringangi ásamt íbúðarherbergi og sér geymslu á jarðhæð. 20,9 fm. bílskur. Birt stærð 98,3 fm. Góðar svalir til suðurs. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Nýlegt parket á gólfum. **Verð 22,9 millj.**



Öldugata

Mikið endurnýjuð 48,9 fm 2ja herb. íbúð í kjallara með séringangi. Íbúðin skiptist í stofu/eldhús, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtu og þvottastaðstöðu. Geymsla við inngang. **Verð 14,0 millj.**



Suðurhlíð – laus strax.

Vel staðsett 54,8 fm. íbúð á jarðhæð í Suðurhlíðunum í göngufæri við Háskólann í Reykjavík. Björt stofa með opnum eldhúskrók, flisalagt baðherbergi og rúmgott svefnherbergi. Lóð hellulögð og sólrík. Góð aðkoma. **Verð 14,7 millj.**

Byggingarlóð



Suðurhlíðar Kópavogs útsýnislóð

Ein besta útsýnislóð á stór – Reykjavíkursvæðinu. Lóðin er staðsett í suðurhlíðum Kópavogs með frábæru útsýni á sólríkum og skjólsælum stað. Byggingarmagn á lóðinni er um 400 fm. á tveimur hæðum. Um 91 fm. timburhús er í dag á lóðinni, í pokkalegu ástandi. **Verðtilboð.**

EIGNIR ÓSKAST

EINLYFT EINBÝLISHÚS MEÐ 4 SVEFNHERBERGJUM óskast. Staðsetning opin.

2JA OG 3JA HERBERGJA ÍBÚÐIR Í 101

HÆÐ Í ÞINGHOLTUNUM

Einbýli, raðhúsi eða parhúsi á Seltjarnarnesi

Einbýlishúsi í vesturbænum.

Einbýlishús til leigu í hverfum 101 – 108 fyrir traustan aðila.

VR HÚSIÐ HVASSALEITI 56-58 ÓSKUM EFTIR 3JA HERB. EÐA RÚMGÓÐRI 2JA HERB. ÍBÚÐ FYRIR TRAUSTAN KAUPANDA

ELDRI BORGARAR

Sóleyjarími - íbúð fyrir 50 ára og eldri.



Góð 82,8 fm. íbúð á 1. hæð með séringangi í nýlegu fjölbýli í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, opið eldhús, rúmgóða stofu/borðstofu með útgangi á yfirbyggðar svalir, svefnherbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Sér stæði í bílageymslu. **Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 22,9 millj.**



Kirkjulundur – Garðabæ. 2ja herb. íbúð.

Góð 68,6 fm. 2ja herb. íbúð á neðri hæð ásamt sér geymslu og stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, eitt svefnherbergi, eldhús, stofu/borðstofu með útgangi á svalir í suðvestur

Skúlagata – 3ja herb. íbúð



Vel skipulögð 89,1 fm. íbúð á 3. hæð í húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin nær í gegnum húsið frá norðri til suðurs. Flisalagðar og yfirbyggðar svalir eru til suðurs og frábært útsýni út á sundin til norðurs. Húsvörður. **Verð 28,9 millj.**



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. Fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. Fasteignasali
Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. Fasteignasali
Kjartan Hallgeirsson, lögg. Fasteignasali
Geir Sigurðsson, lögg. Fasteignasali
Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumíðlari, lögg. Fasteignasali
Magnús Geir Pálsson, sölumaður
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. Fasteignasali
Gunnar Helgi Einarsson, lögg. Fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elin Þorleifsdóttir, ritari
Anna M. Sigurðardóttir, ritari
Guðrún Magna Arnadóttir, ritari

Haukanes 1 - mjög góð staðsetning



Eitt af glæsilegri húsunum á Arnarnesinu við Haukanes nr. 1 er til sýnis og sölu. Húsið er ca 330 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur á mjög fallegum útsýnisstað og er með stórum og grónum suðurgarði. Húsið var mikið endurnýjað fyrir fjórum árum síðan m.a. gólfefni, innréttingar og fl. Arkitektúr hússins er einstakur og frágangur til mikillar fyrirmyndar. **OPÍÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 6935**



Einbýli



Jökulhæð - 6 svefnherb. Sérstaklega vandað og fallegt einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er mikið endurnýjað. Mjög gótt útsýni og þrennar svalir frá efri hæð. Húsið er skráð um 300 fm en um 20 fm herbergi hefur verið bætt við efri hæð sem er ekki skráð. **V. 89 m. 1082**



Blómvellir 24 - glæsilegt hús - laust Glæsilegt 249,1 fm einbýlishús á tveimur hæðum á einstaklega góðum stað á völlum. Húsið er mjög vandað og er með fjórum svefnherbergjum. Tveimur baðherbergjum. Stórum stofum, miklum innréttingum og góðu skáplássi. Lóðin er mjög sérstök og náttúrulegt hraunið látið halda sér á móti timburverndum. Heitur pottur og vernd ofan á bílskúr. **V. 49,5 m. 1005**



Bergsmári 5 - glæsilegt einbýli Glæsilegt 273,5 fm einbýlishús á útsýnisstað við Bergsmára í Kópavogi. Húsið stendur fyrir neðan götu og er í mjög góðu ástandi að utan sem innan. Lóðin full frágengin með góðum bílastæðum, sólvernd og skjólgirðingum. **V. 73,0 m. 1021**



Austurgerði - einbýlishús á góðum stað. Fallegt einstaklega vel staðsett einbýli á 2.hæðum við Austurgerði í Kópavogi á mjög góðum útsýnisstað. 3-4 svefnherbergi. Góðar stofur, arinn. Glæsilegt útsýni. Gott skipulag. Húsið er að sjá í góðu standi. 7036

Hofakur 3 - laus til afhendingar



Falleg 4ra herbergja, 135,8 fm íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi við Hofakur ásamt staði í bílageymslu og sérgeymslu. Íbúðin er laus við kaupsamning. Íbúðin er ný máluð. Áhvalandi lán frá LÍS ca 24,5 milljónir. **V. 32,9 m. 1105**

Kleifakór - tvær íbúðir



Kleifakór 1 er 242,7 fm parhús á tveimur hæðum. Húsið er ekki fullbúið en það hefur verið búið í því. Í húsinu eru í dag tvær íbúðir. Efri hæðin er 4ra herbergja íbúð og neðri hæðin er 3ja herbergja. Gólfhiti. Glæsilegt útsýni. Laust strax, lykklar á skrifstofu. **V. 39,9 m. 1069**

Sólvallagata 25 - einbýlishús



Fallegt 223,8 fm einbýlishús með auka íbúð í kjallara. Húsið er staðsett á horni Sólvallargötu og Hofsvallargötu og er timburhús á steiptum kjallara. **OPÍÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:15 - 18:00 V. 59,8 m. 1100**

Eyjabakki 20 - 4ra - lækkað verð



Góð 4ra herbergja 95,7 fm íbúð á 2.hæð í góðu og vel staðsettu fjölbýli. Nýleg drenlagn og nýlega gegnumtekin lóð með góðum leiktækjum og miklum hellulögðum stigum. Húsið er nýlega viðgert og klætt að hluta. **OPÍÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00 V. 17,9 m. 7139**

Hæðir



Víðimelur 55 - hæð og ris Falleg mjög vel skipulögð og talsvert endurnýjuð 172,3 fm efri hæð og ris í fallegu þríbýlishúsi á mjög góðum stað á melunum. 4 svefnherb. Þrjár stofur, þrennar svalir tvö baðherbergi. Hæðin var mikið endurnýjuð fyrir ca 20 árum. Stórar þaksvallar. Fallegt útsýni. Óskað er eftir tilboðum í eignina. 7120



Borgargerði - sérhæð Falleg talsvert endurnýjuð 131 fm efri sérhæð ásamt 35 fm bílskúr í tvíbýli á mjög góðum útsýnisstað í austurborginni. Parket, flísar, endurnýjaðar innréttingar, innihurðir, ofnar (að hluta) og fl. Arinn. Laus strax, lykklar á skrifstofu. **V. 35,9 m. 7214**

Ánaland 6 - Fossvogur



Góð fjögurra herbergja 121,7 fm íbúð í Fossvogi ásamt 21,8 fm bílskúr samtals 143,5 fm. Um er að ræða jarðhæð í fimm íbúða fjölbýli, en aðeins er ein íbúð á jarðhæð. Góður séráfnótareitur fylgir íbúðinni. **V. 37,9 m. 4809 OPÍÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:30 - 18:00**

Hagamelur - gott skipulag



Falleg talsvert endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3.hæð í fallegu vel staðsettu fjölbýli í Vesturbæ Reykjavíkur við Melabúðina og Vesturbæjarlaugina. Íbúðinni fylgir auka herbergi í risi og þrjár geymslur. Mjög gott skipulag. Nýlegt parket. Góð sameign. **V. 22,5 m. 7210**

Skildinganes - einstök eign á sjávarlóð



